

Samtök  
ferðaþjónustunnar

*Vistvæn vottun*  
*Yfirlit yfir núverandi kerfi og*  
*tillögur um stefnu*



Tekið saman af:  
Stefáni Gíslasyni, UMÍS ehf.

Maí 2000

## **EFNISYFIRLIT**

<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>2. KYNNING</b> .....	<b>3</b>
2.1 TILGANGUR.....	3
2.2 AÐFERÐIR.....	4
2.3 SKILGREININGAR.....	4
<b>3. TÆKI TIL AÐ STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRUM REKSTRARHÁTTUM</b> .....	<b>6</b>
3.1 HANDBÆKUR.....	6
3.2 SIÐAREGLUR.....	6
3.3 VERÐLAUN.....	7
3.4 UMHVERFISSTJÓRNUNARKERFI.....	7
3.5 UMHVERFISMERKI.....	8
<b>4. VIÐURKENNINGARKERFI FYRIR VISTVÆNA FERÐAÞJÓNUSTU</b> .....	<b>8</b>
4.1 KERFI FYRIR ÁFANGASTAÐI.....	9
4.1.1 <i>Green Globe 21 áfangastaðir</i> .....	9
4.1.2 <i>Destination 21</i> .....	12
4.1.3 <i>BEATHA – svæðisbundið merki fyrir umhverfisgæði</i> .....	13
4.1.4 <i>GRIP áfangastaður</i> .....	15
4.2 KERFI FYRIR EINSTAKAR GREINAR.....	17
4.2.1 <i>Svanurinn fyrir hótél</i> .....	17
4.2.2 <i>Græni lykillinn</i> .....	20
4.2.3 <i>Green Globe vottun</i> .....	21
4.2.4 <i>Blái fáninn</i> .....	23
4.2.5 <i>Miljöfyrirtárn</i> .....	24
4.2.6 <i>GRIP hótél</i> .....	26
4.3 ÝMISS KERFI OG VERKEFNI.....	27
4.3.1 <i>Baltic 21</i> .....	27
4.3.2 <i>Evrópuverðlaun fyrir ferðaþjónustu og umhverfi</i> .....	27
4.3.3 <i>Umhverfisverðlaun British Airways</i> .....	28
4.3.4 <i>Verðlaun IH&amp;RA</i> .....	28
4.3.5 <i>Committed to Green. Umhverfisverkefni Golfsambands Evrópu</i> .....	28
4.3.6 <i>KRAV</i> .....	29
4.3.7 <i>Bra Miljöval fyrir fólksflutninga</i> .....	29
4.3.8 <i>Miljömärk Höga Kusten</i> .....	30
4.3.9 <i>Green Hotel</i> .....	30
4.3.10 <i>Umhverfissvottun þjónustufyrirtækja á Gautaborgarsvæðinu</i> .....	31
4.3.11 <i>Svenska Kursgårdar Miljödiplom</i> .....	32
4.3.12 <i>Umhverfissvottun sænska hestaíþróttasambandsins</i> .....	32
4.3.13 <i>Umhverfissvottun hótela í Borlänge</i> .....	32
4.3.14 <i>Evrópublómið fyrir gististaði</i> .....	32
4.3.15 <i>Ylläs-Levi</i> .....	33
<b>5. VOTTUN Í ÍSLENSKRI FERÐAÞJÓNUSTU</b> .....	<b>33</b>
5.1 UMHVERFISVÆN FERÐAÞJÓNUSTA Á SUÐURLANDI.....	33
5.2 VISTHÆF FERÐAMENNSKA Á NORÐURLÖNDUM.....	33
5.3 FÍN ECO.....	34
5.4 FERÐAÞJÓNUSTA TIL FRAMTÍÐAR.....	34
5.5 ÞÁTTTAKA Í GREEN GLOBE 21.....	34
<b>6. NIÐURSTÖÐUR OG SAMANTEKT</b> .....	<b>34</b>
6.1 TILLÖGUR.....	37
6.1.1 <i>Almennar tillögur</i> .....	37
6.1.2 <i>Áfangastaðir</i> .....	37
6.1.3 <i>Gististaðir</i> .....	37
6.1.4 <i>Veitingastaðir</i> .....	38

6.1.5	<i>Fólksflutningar</i> .....	38
6.1.6	<i>Golfvellir</i> .....	38
6.1.7	<i>Baðstrendur og smábátahafnir</i> .....	38
6.1.8	<i>Önnur ferðajónusta</i> .....	38
<b>7.</b>	<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>39</b>
7.1	PRENTAÐAR HEIMILDIR .....	39
7.2	PERSÓNULEGAR UPPLÝSINGAR.....	40
7.3	VEFSÍÐUR.....	40
<b>VIÐAUKI 1:</b>	<b>GRUNDVALLARREGLUR SJÁLFBÆRRAR FERÐAMENNSKU</b> .....	<b>42</b>

## 1. INNGANGUR

Ferðaþjónusta hefur margháttuð áhrif á umhverfið. Þessum áhrifum má skipta annars vegar í staðbundin áhrif og hins vegar hnattræn. Hin staðbundnu áhrif eru einkum:

- Nýting fágætra auðlinda
- Mengun (frá fráveituvatni og úrgangi)
- Jarðvegseyðing
- Skemmdir á náttúruauðlindum

Meðal hnattrænna áhrifa má nefna:

- Losun ósoneyðandi efna = þynningu ósonlagsins
- Losun koltvísýrings = gróðurhúsaáhrif og hnattrænar loftslagsbreytingar
- Neikvæð áhrif á dýra- og plöntulíf = skerðing líffræðilegrar fjölbreytni

Ferðaþjónustan og samfélagið í heild eiga mikið undir því að neikvæð áhrif greinarinnar á umhverfið leiði ekki til varanlegrar hnignunar sem gerir komandi kynslóðum, jafnt ferðamönnum sem öðrum, ókleift að njóta þeirra gæða sem ferðamannastaðir hafa upp á að bjóða. Ferðamenn þurfa jafnframt að hafa aðgang að áreiðanlegum og skiljanlegum upplýsingum um umhverfisáhrif af völdum einstakra ferðaþjónustufyrirtækja eða á einstökum áfangastaðum. Kerfi til að votta umhverfislega frammistöðu fyrirtækja eða áfangastaða eru því mikilvæg tæki, bæði til að koma upplýsingum á framfæri við ferðamenn og til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi.

Þegar hefur verið þróaður fjöldi vottunar- og viðurkenningarkerfa fyrir umhverfislega frammistöðu innan ferðaþjónustunnar. Haustið 1999 voru t.d. 10 slík kerfi í notkun á Norðurlöndunum, og 5 til viðbótar voru í farvatninu.<sup>1</sup> Í Evrópu er fjöldi kerfa af þessu tagi kominn á fjórða tuginn.<sup>2</sup> Hvert kerfi hefur sína kosti og galla, en mikill fjöldi kerfa getur auðveldlega haft í för með sér óvissu og rugling. Erfitt er fyrir ferðamenn og aðra neytendur að átta sig á áreiðanleika mismunandi vottunar eða merkinga af þessu tagi.

## 2. KYNNING

### 2.1 TILGANGUR

Tilgangur þessarar skýrslu er einkum tvíþættur:

1. Að gefa yfirlit yfir vottunar- og viðurkenningarkerfi sem notuð eru í umhverfismálum ferðaþjónustu á Norðurlöndunum og eftir atvikum í öðrum löndum Evrópu
2. Að setja fram tillögur um stefnu íslenskrar ferðaþjónustu í umhverfisvottunarmálum

<sup>1</sup> *Challenging Diversity: new conceptual guidance towards improved environmental performance in the Nordic tourism Industry.* Rannsóknarverkefni. Ráðstefna um niðurstöður, Virum, Danmörku, 3.-4. september 1999.

<sup>2</sup> ECO-TIP. <http://www.eco-tip.org/Hotspot/hotspot.htm> (21. apríl 2000).

## 2.2 AÐFERÐIR

Á árinu 1999 óskuðu Samtök ferðafjónustunnar eftir því við höfund þessarar skýrslu, að hann tæki saman yfirlit yfir þau vottunar- og viðurkenningarkerfi sem notuð eru í umhverfismálum ferðafjónustunnar á Norðurlöndunum og eftir atvikum í öðrum löndum Evrópu og setti fram tillögur um stefnu íslenskrar ferðafjónustu í þessum málum. Meðal annars þótti ástæða til að leita svara við þeirri spurningu hvort ferðafjónustan á Íslandi ætti að byggja upp eigið vottunarkerfi miðað við íslenskar aðstæður eða innleiða eitthvert eða einhver þeirra kerfa sem þegar eru í notkun í nágrannalöndunum.

Á síðasta ári stóðu nokkrir norrænir aðilar fyrir úttekt á umhverfismerkingum í norrænni ferðafjónustu. Um var að ræða forverkefni undir yfirskriftinni *Challenging Diversity: New conceptual guidance towards improved environmental performance in the Nordic tourism Industry*. Skýrsluhöfundur hafði tækifæri til að fylgjast með þessu starfi og afla þannig grunnupplýsinga fyrir skýrsluna. Þar var ekki síst byggt á lokaritgerð Jóhönnu Lissinger til mastersprófs frá vistfræðideild háskólans í Lundi í Svíþjóð.<sup>3</sup> Einnig var byggt á upplýsingum sem fram komu á ráðstefnu verkefnisins í Virum í Danmörku 3.-4. september 1999. Að öðru leyti var heimilda aflað á vefsíðum hinna einstöku vottunarkerfa, í bæklingum og fréttabréfum kerfanna og með samtölum. Loks var leitað fanga í útgefnum ritum um vistvæna ferðafjónustu, sjálfbæra þróun o.s.frv.

Meginefni þessarar skýrslu er umfjöllun um þau vottunar- eða viðurkenningarkerfi sem náð hafa mestri útbreiðslu í ferðafjónustunni á Norðurlöndum. Í lok skýrslunnar er síðan að finna ráðleggingar til íslenskra ferðafjónustuaðila um val vottunarkerfa.

## 2.3 SKILGREININGAR

Til að koma í veg fyrir misskilning þegar fjallað er um hin ýmsu hugtök sem varða umhverfismál ferðafjónustunnar, eru hér tíndar til skilgreiningar á nokkrum þeim helstu sem hér koma við sögu.

**Áfangastaður** (Destination): Staður með sérstaka eiginleika, sem þekktir eru af nógu mörgum hugsanlegum gestum til að réttlæta að litið sé á staðinn sem sjálfstæða heild. Staðurinn dregur til sín gesti sem slíkur, óháð aðdráttaraflí annarra staða.<sup>4</sup>

**Dagskrá 21** (Agenda 21): Alþjóðleg ályktun, sem samþykkt var af fulltrúum 179 þjóða á Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiro 1992. Í ályktuninni, sem skiptist í 40 kafla, er lögð áhersla á að þjóðir heims vinni markvisst að því að ná markmiðinu um sjálfbæra þróun á 21. öldinni. Nauðsynlegar aðgerðir vegna einstakra umhverfisþátta og nauðsynleg viðbrögð einstakra aðila og atvinnugreina eru skilgreind í einstökum köflum ályktunarinnar.

**Ferðamaður** (Tourist): Gestur sem dvelur a.m.k. eina nótt á staðnum sem hann kemur á.<sup>5</sup>

<sup>3</sup> Johanna Lissinger. *Comparative Study of Recognition Schemes for Destinations: Sweden, Denmark & Norway*. Ritgerð til MSc-prófs í líffræði við vistfræðideild háskólans í Lundi, Svíþjóð, 1999.

<sup>4</sup> Alistair Mathieson og Geoffrey Wall. *Tourism: Economic, Physical and Social Impacts*. Longman Scientific & Technical, Essex, 1982. (Bl. 12, þýðing skýrsluhöf.).

**Ferðamennska** (Tourism): Athafnir einstaklinga sem ferðast til staða utan hversdagsumhverfis og dvelja þar í nánar skilgreindum tilgangi. Ferðin stendur skemur en í tólf mánuði samfleytt.<sup>6</sup>

**Ferðaþjónusta** (Tourism Industry): Atvinnugrein sem tekur til allra fyrirtækja og einstaklinga sem vinna störf tengd ferðalögum, s.s. ferðaheildsala, ferðasmásala, ferðaskipuleggjendur, fólksflutningafyrirtæki (að hluta), gististað, leiðsögumenn.<sup>7</sup>

**Gestur** (Visitor): Einstaklingur á ferðalagi utan hversdagsumhverfis í minna en tólf mánuði samfleytt. Aðaltilgangur ferðarinnar er annar en að stunda launað starf á staðnum sem ferðast er til.<sup>8</sup>

**Sjálfbær ferðamennska** (Sustainable Tourism): Hver sú þróun eða aðgerð í ferðamennsku sem tekur tillit til umhverfisins, tryggir verndun náttúrulegra og menningarlegra auðlinda til langs tíma, stuðlar að jafnræði og er félagslega og efnahagslega ásættanleg.<sup>9 10</sup>

**Sjálfbær þróun** (Sustainable Development): Þróun sem mætir þörfum núverandi kynslóðar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.<sup>11</sup>

**Vistvæn (visthæf) ferðamennska** (Ekoturism): Ferðamennska sem stunduð er í náttúrulegu umhverfi og á að vera í sátt við náttúru, menningu og íbúa ferðamannastaða. Hún á að vera sjálfbær, hafa lítil áhrif á umhverfið, vera fræðandi og hafa jákvæð hagræn áhrif þar sem hún er stunduð.<sup>12</sup>

**Polmörk ferðamennsku** (Tourism Carrying Capacity): Mesti fjöldi ferðamanna sem tiltekið svæði þolir án óásættanlegra breytinga á hinu náttúrulega, manngerða og félagslega umhverfi og án óásættanlegrar hnignunar á gæðum þeirrar upplifunar sem gestir fá á svæðinu.<sup>13</sup>

---

<sup>5</sup> Samgönguráðuneytið. *Stefnumótun í ferðamálum*. 2. útg. Samgönguráðuneytið, Reykjavík, 1996.

<sup>6</sup> Sama.

<sup>7</sup> Sama.

<sup>8</sup> Sama.

<sup>9</sup> *An Agenda 21 for the Baltic Sea Region – Baltic 21*. Baltic 21 Series No 1/98. Baltic 21 Secretariat, Stokkhólmí, 1998. (Lausleg þýðing skýrsluhöfundar).

<sup>10</sup> Sjá einnig Viðauka 1: Grundvallarreglur sjálfbærrar ferðamennsku.

<sup>11</sup> World Commission on Environment and Development. *Our Common Future*. Oxford University Press, Bretlandi, 1987.

<sup>12</sup> Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl. *Ekoturism i Norden. Eksempel från Island, Norge, Sverige och Finland*. Nord 1998:13. Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn, 1998.

<sup>13</sup> Byggt á: Alister Mathieson og Geoffrey Wall. *Tourism: Economic, Physical and Social Impacts*. Longman Scientific & Technical, Essex, 1982, og: Chris Cooper, John Fletcher, Stephen Wanhill, David Gilbert og Rebecca Shepherd. *Tourism - Principles and practices*. 2. útg. Longman, 1998.

### 3. TÆKI TIL AÐ STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRUM REKSTRARHÁTTUM

Hægt er að nota ýmis tæki til að stuðla að sjálfbærum rekstrarháttum, jafnt í ferðaþjónustu sem í öðrum atvinnugreinum. Þannig ráða stjórnvöld yfir tækjum á borð við lög og reglugerðir, auk efnahagslegra stjórnækja af ýmsu tagi. Þar má m.a. nefna leyfisgjöld, skatta, skilagjöld, styrki og sektir. Upplýsingar eru einnig mikilvægt tæki í þessu sambandi. Leiðarvísar og kerfi sem votta umhverfislega frammistöðu fyrirtækja eða áfangastaða falla í þann flokk. Með þeim geta stjórnvöld, atvinnulífið eða frjáls félagasamtök komið upplýsingum á framfæri við ferðamenn og þá sem vinna í ferðaþjónustunni, og þannig reynt að draga úr neikvæðum áhrifum sem ferðamenn og ferðaþjónusta hafa á umhverfið. Hér verður fjallað um nokkur mismunandi tæki til upplýsingagjafar af þessu tagi.

#### 3.1 HANDBÆKUR

Handbækur og leiðarvísar, sem benda ferðaþjónustuaðilum og ferðamönnum á leiðir til að draga úr neikvæðum áhrifum sínum á umhverfið, eru meðal þeirra tækja sem tiltæk eru til að stuðla að sjálfbærum rekstrarháttum í ferðaþjónustunni. Dæmi um þetta eru spjöld sem víða má sjá á hótelum, þar sem kynnt eru umhverfisáhrif þvottaefna og gestir hvattir til að taka þátt í umhverfisúrbótum með því að þurrka sér oftár á sama handklæðinu. Af stærri útgáfum af þessu tagi má nefna leiðbeiningar til fyrirtækja um orkusparandi aðgerðir, svo og leiðbeiningar um ýmsa þætti í daglegum rekstri, sem haft geta áhrif á umhverfið.<sup>14</sup>

Handbækur og leiðarvísar af þessu tagi hafa þann kost að vera einföld í framleiðslu. Ekki er heldur nauðsynlegt að byggja upp kerfi til að fylgja þeim eftir. Þetta hefur því jafnframt þann galla, að engin leið er að tryggja eða fylgjast með því að upplýsingarnar nái til þeirra sem hlut eiga að máli, né að þeir færi sér upplýsingarnar í nyt.

#### 3.2 SIÐAREGLUR

Siðareglur (Codes of conduct) má skilgreina sem boðorðalista sem stjórnvöld eða samtök setja fram til leiðbeiningar fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og ferðamenn. Um er að ræða formlegar og hnitmiðaðar leiðbeiningar eða reglur sem ætlað er að höfða til siðferðisvitundar aðila. Reglunum fylgir engin lagaleg kvöð, heldur á hver og einn það við siðgæðisvitund sína að hve miklu leyti hann fylgir þeim. Megintilgangurinn er í raun að hvetja til skoðanaskipta þeirra sem hlut eiga að máli, svo sem opinberra stofnana, atvinnulífsins, og frjálsra félagasamtaka.<sup>15</sup> Um leið er stuðlað að aukinni umhverfisvitund, auk þess sem upplýsingum er komið á framfæri við þá sem minna þekkja til, svo sem gesta sem annars myndu ekki gera sér grein fyrir hættum sem steðja að viðkomandi svæði.

<sup>14</sup> Sem dæmi má benda á: GRIP. *259 tips for en bedre miljøprofil i hotell- og restaurantbransjen.*

GRIP senter for bærekraftig produksjon og forbruk. Noregur, 1998, og:

The International Hotel Association (IHA); The International Hotels Environment Initiative (IHEI) og United Nations Environment Programme Industry and Environment (UNEP/IE). *Environmental Action Pack for Hotels. Practical Steps to benefit your Business and the Environment.* International Hotel Association; The Prince of Wales Business Leader Forum; United Nations Environment Programme Industry and Environment. London, 1995.

<sup>15</sup> Johanna Lissinger. *Comparative Study of Recognition Schemes for Destinations: Sweden, Denmark & Norway.* Ritgerð til MSc-prófs í líffræði við vistfræðideild háskólans í Lundi, Svíþjóð, 1999.

Sem dæmi um siðareglur í ferðaþjónustu má nefna reglur WWF (World Wide Fund for Nature) um ferðaþjónustu á Norðurheimskautssvæðinu.<sup>16</sup>

### 3.3 VERÐLAUN

Umhverfisverðlaun eru oft veitt af stjórnvöldum eða samtökum, til þeirra aðila sem þykja hafa skarað fram úr á umhverfissviðinu. Ætla má að verðlaun af þessu tagi virki hvetjandi á þá sem telja sig eiga möguleika á að vinna til þeirra. Jafnframt geta þau ýtt undir nýsköpun, þar sem aðilar leita frumlegra lausna á þekktum vandamálum. Loks hefur verið bent á, að verðlaun geti verið undanfari formlegra umhverfismerkinga, þar sem tilteknar viðmiðunarreglur hljóta að þróast í viðurkenningarferlinu.<sup>17</sup> Í þeirri þróun felst þó einnig sá galli verðlaunaveitinga, að erfitt er að skilgreina forsendur sem eru hafnar yfir gagnrýni. Verðlaun af þessu tagi hafa einnig tilhneigingu til að úreldast, nema sífellt sé verið að verðlauna nýja þætti. Um leið og verðlaunin verða hversdagsleg hætta verðlaunahafarnir að njóta sviðsljóssins, og þá dvínar áhugi samkeppnisadilanna á að keppa að viðurkenningu.

Sem dæmi um umhverfisverðlaun í ferðaþjónustunni má nefna umhverfisverðlaun British Airways.<sup>18</sup>

### 3.4 UMHVERFISSTJÓRNUNARKERFI

Umhverfisstjórnunarkerfi er „sá hluti heildarstjórnunarkerfisins sem nær yfir stjórnskipulag, áætlanagerð, ábyrgðarskiptingu, starfshætti, verklagsreglur, ferli og aðföng sem nauðsynleg eru til að þróa, koma á, framfylgja, rýna og viðhalda umhverfismálafestunni“.<sup>19</sup> Umhverfisstjórnunarkerfi er með öðrum orðum safn lýsinga og leiðarvísa um umhverfisstarf innan fyrirtækis eða stofnunar. Því er ætlað að fella áherslu á umhverfismál inn í alla þætti starfseminnar á kerfisbundinn hátt. Umhverfisstjórnunarkerfi felur ekki í sér algildar kröfur eða reglur sem ber að uppfylla, heldur er um að ræða aðferðafræði sem fyrirtækið eða stofnunin notar í allri starfsemi sinni. Umhverfisstjórnunarkerfi inniheldur alla jafna umhverfisstefnu viðkomandi aðila, markmið á umhverfissviðinu og framkvæmdaáætlanir sem miða að því að ná þessum markmiðum. Kerfi af þessu tagi gerir viðkomandi fyrirtæki eða stofnun auðveldara að greina og fást við umhverfisáhrif og áhættur í starfsemi, og um leið að greina tækifæri sem liggja á þessu sviði. Kerfið tryggir ekki að starfsemi viðkomandi aðila hafi lítil neikvæð áhrif á umhverfið, heldur aðeins að umhverfismálum sé sinnt með skipulögðum hætti, ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og að unnið sé að stöðugum úrbótum á umhverfissviðinu.

Ef kerfið stenst tilteknar kröfur, er hægt að fá það vottað af óháðum aðilum skv. stöðlum á borð við ISO 14001<sup>20</sup> og EMAS.<sup>21</sup>

<sup>16</sup> World Wide Fund for Nature. *Linking Tourism and Conservation in the Arctic*. Bæklingur, WWF Arctic Programme. Sjá einnig: <http://www.panda.org/resources/inthefield/arctic/>.

<sup>17</sup> Herbert Hamele. *Book of Environmental Seals and Eco-labels. Environmental Awards in Tourism: An International Overview of Current Developments*. ECOTRANS, Munchen, 1996.

<sup>18</sup> British Airways. <http://www.british-airways.com/inside/comm/tourism/tourism.shtml>.

<sup>19</sup> ISO 14001:1996. *Umhverfisstjórnunarkerfi – forskrift ásamt leiðbeiningum um notkun*. 1. útg. Staðlaráð Íslands, sept. 1996. (Grein 3.5).

<sup>20</sup> ISO 14001:1996. *Umhverfisstjórnunarkerfi – forskrift ásamt leiðbeiningum um notkun*. 1. útg. Staðlaráð Íslands, sept. 1996.

### 3.5 UMHVERFISMERKI

Umhverfismerki er yfirlýsing sem útskýrir umhverfisþætti sem tengjast vöru eða þjónustu. Umhverfismerki getur verið í formi yfirlýsingar, tákns, eða myndar á vöru eða merkingu umbúða, í upplýsingum sem fylgja vörunni, í tæknilegum upplýsingum, í auglýsingum eða opinberri kynningu, o.s.frv. Til eru 3 mismunandi gerðir umhverfismerkja:

ISO gerð 1 eru merki frá óháðum þriðja aðila, sem veitt eru þeim sem sýna besta umhverfislega frammistöðu í tilgreindum flokkum vöru eða þjónustu. Framleiðendur sækja um merki af þessu tagi til hins óháða aðila, og þurfa að uppfylla tilteknar viðmiðunarkröfur til að fá leyfi til að nota merkið. Viðmiðunarkröfurnar taka til margra þátta, taka mið af vistferli viðkomandi vöru eða þjónustu og eru endurskoðaðar reglulega.<sup>22</sup>

ISO gerð 2 eru merki sem fela í sér yfirlýsingu framleiðanda um umhverfislegt ágæti vörunnar eða þjónustunnar.

ISO gerð 3 eru umhverfisyfirlýsingar, vottaðar af þriðja aðila. Þessar yfirlýsingar veita magnbundar upplýsingar um tiltekna umhverfisþætti vörunnar, en láta neytendum það eftir að ákveða hvaða vara sé betri en önnur frá umhverfissjónarmiði. Að sama skapi staðfestir vottunin aðeins að upplýsingarnar séu réttar, en felur ekki í sér vísbendingu um umhverfislegt ágæti.

Þegar rætt er um umhverfismerki í daglegu tali er yfirleitt átt við ISO gerð 1. Vegna mikils fjölda merkja á markaðnum gætir þó oft tilhneigingar til að rugla saman merkjum af gerð 1 og gerð 2.

## 4. VIÐURKENNINGARKERFI FYRIR VISTVÆNA FERÐAÞJÓNUSTU

Hér á eftir (í köflum 4.1 og 4.2) verður gerð grein fyrir þeim vottunar- eða viðurkenningarkerfum fyrir vistvæna ferðaþjónustu, sem náð hafa mestri útbreiðslu eða verið mest til umræðu á Norðurlöndunum. Annars vegar verður fjallað um kerfi sem fást við áfangastaði í heild – og hins vegar um kerfi fyrir einstök fyrirtæki í einstökum greinum ferðaþjónustunnar. Í kafla 4.3. verður dregið lauslega á nokkur kerfi til viðbótar, sem einnig hafa verið í notkun eða eru í undirbúningi.

---

<sup>21</sup> EMAS, Eco-Management and Auditing Scheme, er staðall fyrir umhverfisstjórnunarkerfi skv. reglugerð Evrópusambandsins. Kröfur EMAS ganga ívið lengra en gert er í ISO14001 staðlinum. (Sjá: *Council Regulation (EEC) No 1836/93 of 29 June 1993 allowing voluntary participation by companies in the industrial sector in a Community eco-management and audit scheme*. Official Journal of European Communities 10.7.93). (Sjá einnig: *Reglugerð nr. 321/1996 um frjálssa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB*. <http://www.hollver.is/logreglur/r1996-321.html> ).

<sup>22</sup> (Sjá nánar: *prEN ISO 14024. Environmental labels and declarations – Type 1 environmental labelling – Principles and procedures*. European Committee for Standardization. Final Draft, Feb. 2000).

## 4.1 KERFI FYRIR ÁFANGASTAÐI

### 4.1.1 Green Globe 21 áfangastaðir

**Aðstandendur:** Green Globe. Green Globe var upphaflega stofnað af WTTC (World Travel & Tourism Council) 1994, en hefur starfað sem sjálfstæð stofnun frá árinu 1999 með formlegum stuðningi 28 samtaka stjórnvalda og atvinnulífs, svo sem IH&RA (International Hotel & Restaurant Association), IATA (International Air Transport Association), PATA (Pacific Asia Travel Association), WTO (World Tourism Organization) og UNEP (Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna), auk WTTC.<sup>23</sup> Jafnframt var nafninu breytt í *Green Globe 21*.

**Landsvæði:** Alþjóðlegt

**Gerð kerfis:** Umhverfismerki/Umhverfisstjórnunarkerfi

**Viðfangsefni:** Áfangastaðir

**Tilgangur:** *Green Globe 21* er vottunarkerfi fyrir vistvæna áfangastaði ferðamanna. Vottunin felur í sér viðurkenningu á því að allir aðilar sem tengjast ferðaþjónustunni á viðkomandi svæði hafi sameinast í viðleitni til að bæta umhverfisástandið á svæðinu. Kerfið býður upp á leiðbeiningar um hvernig nálgast megi markmiðið um sjálfbæra þróun í samræmi við hugmyndafræði Dagskrár 21.<sup>24</sup>

**Viðmiðunarreglur:** Lykiltölur um sjálfbæra þróun eru notaðar til að leggja mat á árangur áfangastaða í viðleitninni til að verða *Green Globe 21* áfangastaðir. Lykiltölurnar eru sérstaklega lagaðar að aðstæðum á hverjum einstökum áfangastað. Þær taka mið af þeim áherslum sem settar eru á oddinn í Dagskrá 21 fyrir ferðaþjónustuna.<sup>25</sup>

Kerfið gerir kröfur um aðgerðir af hálfu opinberra aðila á svæðinu, svo sem stjórnvalda og ferðamálayfirvalda, en einnig af hálfu einkaaðila, svo sem einstakra ferðaþjónustufyrirtækja. Tafla 1 sýnir helstu áhersluþætti hvað þetta varðar.

<sup>23</sup> Green Globe 21. <http://www.greenglobe21.com/companies/partners/index.htm> (22. apríl 2000).

<sup>24</sup> Green Globe 21. <http://www.greenglobe21.com/> (21. apríl 2000).

<sup>25</sup> Sjá: WTTC. <http://www.wttc.org/agenda21.htm>.

<b>Opinberi geirinn</b>	<b>Einkaaðilar</b>
Mat á möguleikum hagkerfisins á svæðinu, lagarammi og samningar til að koma á sjálfbærri ferðapjónustu	Hönnun umhverfisvænnar vöru og þjónustu
Mat á efnahagslegum, félagslegum, menningarlegum og umhverfislegum áhrifum aðgerða	Orkunýting, verndun og stjórnun
Þjálfun, menntun og almenn umhverfisvitund	Umhverfisvæn innkaupastefna
Skipulag sjálfbærrar þróunar í ferðapjónustu	Spilliefni
Stuðlað að gagnkvæmri miðlun upplýsinga og reynslu, færni og tækniþekkingar í tengslum við sjálfbæra ferðamennsku	Tengsl starfsfólks, viðskiptavina og samfélagsins við starf að umhverfismálum
Þátttaka allra hluta samfélagsins gerð möguleg	Stjórnun ferskvatnsauðlinda og fráveitu
Hönnun vöru og þjónustu fyrir ferðamenn með sjálfbæra þróun að leiðarljósi	Skipulag landnotkunar og stjórnunar Eftirlit með hávaða
Mælingar á árangri á leiðinni að sjálfbærri þróun	Dregið úr úrgangi, stuðlað að endurnýtingu og endurvinnslu
Komið á samstarfi um sjálfbæra þróun	Samstarf um sjálfbæra þróun

**Tafla 1 Áhersluþættir fyrir *Green Globe* áfangastaði**

Hjá *Green Globe 21* er verið að vinna að nýjum staðli fyrir vottun áfangastaða. Staðallinn mun ná yfir atriði sem tiltekin eru í Dagskrá 21. Sérstaklega er tekið tillit til frumkvæðis og skuldbindingar viðkomandi sveitarstjórnar, þátttöku einkageirans, þátttöku almennings og samstarfs milli einkaaðila og stjórnvalda.<sup>26</sup>

#### **Umsóknar- og vottunarferli:**

Fyrsta stig umsóknar- og vottunarferlisins felst í ákvörðun viðkomandi áfangastaðar um þátttöku í verkefninu. Á þessu stigi er unnið að mati á umhverfisáhrifum ferðapjónustunnar á svæðinu og myndaður vinnuhópur hagsmunaaðila um sameiginlega framtíðarsýn og framkvæmdaáætlun. Áfangastaðurinn fær afhenta staðfestingu á þátttöku í verkefninu, sem um leið felur í sér leyfi til að nota merki *Green Globe 21*. (Sjá mynd 1). Á þessu stigi felst ekki vottun í merkinu, heldur aðeins staðfesting á að viðkomandi svæði hafi formlega samþykkt að stefna að vottun innan tiltekins tíma.



**Mynd 1. Merki *Green Globe 21* auðkennir þau samfélög eða fyrirtæki sem hafa formlega samþykkt að stefna að vottun innan tiltekinna tímamarka**

Annað stig umsóknar- og vottunarferlisins felst í uppbyggingu umhverfisstjórnunarkerfis fyrir áfangastaðinn. Greindir eru þeir þættir sem vottunin

<sup>26</sup> Green Globe News. 1. tbl., mars 2000.  
<http://www.greenglobe21.com/comfil/news/100400/index.htm> (21. apríl 2000).

þarf að taka til, markmið skilgreind, ráðist í nauðsynlegustu úrbætur og fjallað um fjárhagslega þætti.

Þriðja stigið felst í vottun þegar óháður úttektaraðili hefur staðfest að áfangastaðurinn hafi náð þeim markmiðum sem stefnt var að. Vottunin er auðkennd með haki í *Green Globe* merkið. (Sjá mynd 2). Eftir að vottun er fengin er stöðugt fylgst með árangri við framkvæmd þeirra umhverfisúrbóta sem stefnt var að, m.a. með mælingum og skráningu tiltekinna lykiltalna. Gerðar eru árlegar kannanir í þessu skyni.



**Mynd 2. Merki *Green Globe 21*, með sérstöku haki, auðkennir þau samfélög eða fyrirtæki sem hafa lokið umsóknar- og vottunarferlinu og fengið óháða vottun**

Meðan á ferlinu stendur hafa viðkomandi áfangastaðir aðgang að aðstoð og ráðgjöf frá samstarfsaðilum *Green Globe 21*. Grunnkostnaður vegna fyrsta stigsins í umsóknar- og vottunarferlinu er 50.000 \$, en eftir það fer kostnaðurinn eftir eðli og umfangi ráðgjafarinnar.<sup>27</sup>

**Staða:** Meðal áfangastaða sem vinna nú skv. Green Globe kerfinu má nefna:

- Jersey, Channeleyju, Bretlandi (vottað 1997)
- Vilamoura, Algarve, Portúgal (stefnt var að vottun fyrir árslok 1999)
- Ifugao Rice Terraces á Filippseyjum (í undirbúningi)
- Koh Samui, Thailandi (í undirbúningi)
- Skotland (nokkrir áfangastaðir) (í undirbúningi)
- Cumbria, Englandi (nýlega hafið)
- Sri Lanka (stefnt var að því að hefja starfið í desember 1999)
- Betanía, Jórdaníu (hófst í janúar 2000)
- Betlehem, (gamli bærinn), Palestínu (hófst í janúar 2000)

**Almennar upplýsingar:** Hvert verkefni um sig er klæskerasaumað til að endurspegla aðstæður á staðnum, t.d. umhverfisvitund fólks á svæðinu, það starf sem er í gangi og þær auðlindir sem svæðið hefur yfir að ráða. Þrátt fyrir mismunandi áherslur á ólíkum stöðum byggjast öll verkefni á ákveðnum grunnþáttum:

1. *Samþætting.* Hvert svæði hefur sína sérstöðu í stjórnmálalegu, menningarlegu, félagslegu, náttúrulegu og mannlegu tilliti. Með því að safna grunnupplýsingum um stöðu einstakra þátta er tekið tillit til allra atriða sem skipta máli, þeim raðað í forgangsröð og sameinuð í eitt ferli.
2. *Raunsætt og mögulegt.* Grundvallaratriðið í hverju verkefni er að hægt sé að komast áleiðis að settu marki. Þessi markmið eiga að vera hagkvæm og raunsæ í staðbundnu samhengi, og um þau þarf að nást samkomulag allra sem hagsmuna eiga að gæta.

<sup>27</sup> Green Globe 21. Kynningarefni. Sjá einnig: <http://www.greenglobe21.com>.

3. *Stuðningur.* Aðstoð, ráðgjöf, þekking og áhrif eru þættir sem þátttakendur hafa aðgang að eða öðlast í þróunarvinnunni. Þetta felur í sér þátttöku í þróun verkefnisins, þjálfun, leit að styrktaraðilum, undirbúning samstarfs, markmiðssetningu, aðgang að tæknilegum upplýsingum, og framkvæmd rannsókna.
4. *Sveigjanleiki.* Uppbygging verkefnisins hefur það í för með sér, að það getur nýst hvort sem er á einstökum svæðum eða í heilum héruðum og löndum.

*Green Globe 21* vottuninni fylgja væntanlega aukin tækifæri í markaðssetningu viðkomandi svæða, og um leið verða svæðin áhugaverðari fyrir fjárfesta og fyrirtæki. Vegna þess hversu mikilvægt samráð allra hagsmunaaðila er í vottunarferlinu má gera ráð fyrir að það stuðli að bættum samskiptum og samvinnu milli opinberra aðila og einkaaðila sem starfa á svæðinu.

*Green Globe 21* hefur einnig vottað umhverfisstarf í einstökum ferðaþjónustufyrirtækjum.<sup>28</sup>

#### 4.1.2 Destination 21

**Aðstandendur:** Danska ferðamálaráðið, útivistarsambandið (Friluftsrådet) og Þróunarmiðstöð ferðamála (TUC) sjá um kerfið, en að baki því standa einnig Samtök danskra amtstjórna, Samband danskra sveitarfélaga, HORESTA og fleiri aðilar.

**Landsvæði:** Danmörk

**Gerð kerfis:** Umhverfismerki/umhverfisstjórnunarkerfi

**Viðfangsefni:** Áfangastaðir

**Tilgangur:** *Destination 21* er ætlað að vera nokkurs konar Dagskrá 21 fyrir ferðaþjónustuna. Verkefnið er byggt utan um 21 markmið. Þegar þessum markmiðum er náð eiga þau að tryggja sjálfbæra þróun á viðkomandi svæði í vistfræðilegu, félagslegu, menningarlegu og efnahagslegu tilliti. Ætlast er til þess að allir áfangastaðir sem sækjast eftir vottun vinni með öll markmiðin, en ekki endilega með sama hætti. Þessi vinna er ekki aðeins á höndum ferðaþjónustunnar á svæðinu, heldur snýr hún einnig að öðrum atvinnurekstri, íbúum og sveitarstjórn. Svæðið í heild er vottað þegar viðeigandi viðmiðunarreglur hafa verið uppfylltar. Í víðara samhengi er tilgangurinn þessi:

1. Að stuðla að samkeppnisfærni danskra ferðaþjónustu til langs tíma litið með því að byggja upp færni í að nálgast viðfangsefni ferðaþjónustunnar með sjálfbærum hætti
2. Að flétta saman skipulag landssvæðis og áform um ferðaþjónustu á svæðinu

Af öðrum markmiðum má nefna:

1. Að draga úr auðlindanotkun og myndun úrgangs
2. Að auka framleiðslu og framboð á lífrænum matvörum

---

<sup>28</sup> Sjá kafla 4.2.3.

3. Að stuðla að jákvæðum áhrifum ferðamennsku á efnahag og atvinnuástand
4. Að draga úr starfsmannaskiptum og skapa aðlaðandi störf
5. Að efla samstarf við heimamenn og aðra hagsmunaaðila, þ.á.m. samstarf við fólk í héraði um þróun ferðaþjónustunnar
6. Að örva og varðveita menningu svæðisins

**Viðmiðunarreglur:** Í samræmi við tilgang verkefnisins byggjast viðmiðunarreglurnar á markmiðinu um sjálfbæra þróun svæðisins. Þeim er m.a. ætlað að draga úr nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda og leiða til virðisauka sem byggir á umhverfisvænni framleiðslu og þjónustu.

Tilgreind eru þrjú þrep fyrir hverja viðmiðunarreglu:

1. Áfangastaðurinn ákveður eigin upphafspunkt (núllpunkt) fyrir viðmiðunarreglurnar, þar sem nauðsynlegt kann að vera að aðlaga tilteknar reglur að gerð áfangastaðarins.
2. Markmiðin eru skoðuð tveimur árum eftir að upphafsstaðan lá fyrir.
3. Markmiðin eru skoðuð að fjórum árum liðnum.

**Umsóknar- og vottunarferli:** Kerfið er í þróun.

**Staða:** Árið 1998 náðist samstaða um verkefnið *Destination 21*. Kerfið er nú í þróun með þátttöku 7 áfangastaða<sup>29</sup>, og á árinu 2000 er ætlunin að stofna formleg samtök utan um verkefnið og votta 4-6 fyrstu áfangastaðina.<sup>30</sup>

**Almennar upplýsingar:** Í *Destination 21* er byggt á því umhverfisbótastarfi sem þegar hefur verið unnið á svæðinu og þeim upplýsingum og mælingum sem til eru. Þannig á það að vera svæðinu til framdráttar ef einstök fyrirtæki eða atburðir hafa þegar hlotið einhvers konar opinbera umhverfisvottun.

Lykiltölur eru tæki sem gera mönnum kleift að mæla og fylgjast með grunnþáttunum á bak við *Destination 21*. Um leið auka þær áreiðanleika kerfisins. Í þeim tilvikum þar sem kerfi er þegar til staðar er ekki þörf á nýjum lykiltölum. Þess í stað er aðaláherslan á að ná til fleiri aðila til að koma á víðtæku umhverfisstjórnunarkerfi.

#### 4.1.3 BEATHA – svæðisbundið merki fyrir umhverfisgæði



Mynd 3. BEATHA-merkið<sup>31</sup>

**Aðstandendur:** Til merkisins var stofnað 1995 af NASC, sem eru samtök Bygðastofnunar Gaeltachta svæðanna (Gelískumælandi svæða) á Írlandi, Háskóla

<sup>29</sup> Pilotprojekt Destination 21. *Kort og godt om Pilotprojekt Destination 21 – et nationalt tiltag til bæredygtig turismeudvikling*. (Bæklingur). Turismens UdviklingsCenter, Kaupmannahöfn, 1999.

<sup>30</sup> Pilotprojekt Destination 21. *Working Outline for Pilot Project Destination 21*. (Fjölrit). Turismens UdviklingsCenter, Kaupmannahöfn, 1999.

<sup>31</sup> NASC. <http://www.nasc.ie/beatha.htm>.

Írlands, Galway og 7 sveitarfélaga á vesturhluta Írlands. BEATHA er írskt orð sem þýðir líf og viðurværi (life and sustenance).<sup>32</sup>

**Landsvæði:** Írland. Áform voru uppi um að reyna merkið einnig í Svíþjóð, Finnlandi og Ítalíu, en ólíklegt er að af því verði.

**Gerð kerfis:** Umhverfismerki/umhverfisstjórnunarkerfi

**Viðfangsefni:** Áfangastaðir

**Tilgangur:** Upphaflegur tilgangur BEATHA verkefnisins var

- Að þróa svæðisbundið umhverfisgæðamerki sem hægt væri að nota sem tæki til markaðssetningar á svæðum sem náð hefðu að uppfylla kröfur merkisins
- Að stuðla að sjálfbærri þróun viðkomandi svæðis
- Að tryggja að svæðið verði aðlaðandi til frambúðar, bæði fyrir gesti og sem staður til að búa á

Tilgangurinn er einnig sá að viðkomandi samfélag finni jafnvægið á milli hagþróunar og stöðugleika í umhverfismálum. Samfélag sem fengið hefur þessa vottun getur notað hana í markaðssetningu til að laða að sjálfbæra ferðamennsku og iðnað sem leggur áherslu á umhverfissvæna framleiðslu.

**Viðmiðunarreglur:** Mat á svæði vegna umhverfissvottunar þarf að taka tillit til allra umhverfisþátta á svæðinu og þess hvernig samfélagið tekur þátt í stjórnun og verndun svæðisins. Lykiltölur fyrir merkið hafa verið þróaðar með hliðsjón af innlendum og erlendum heimildum um önnur vottunarkerfi. Kerfið tekur til eftirfarandi umhverfisþátta:

- Loft
- Landnotkun
- Flutningar
- Náttúrufar
- Mannvirki
- Vatn
- Skipulag
- Orka
- Menningarumhverfi
- Úrgangur

**Umsóknar- og vottunarferli:** Hópur sem sækir um vottun, þarf að vera trúverðugur fulltrúi alls samfélagsins á staðnum. Þegar bráðabirgðaumsókn um vottun hefur verið samþykkt, þarf að koma á formlegu samstarfi á milli umsækjendanna og viðkomandi sveitarstjórnar. Þessum aðilum er ætlað að gera úttekt á stöðu umhverfismála og notkun auðlinda á svæðinu. Á þessari úttekt er síðan hægt að byggja sjálfsmat á stöðu mála að ákveðnum tíma liðnum og greina tækifæri til úrbóta. Þegar þátttakendurnir í þessu samstarfi telja að svæðið sé tilbúið fyrir utanaðkomandi úttekt, sækja þeir um slíkt til umsóknarmanna BEATHA-verkefnisins.

---

<sup>32</sup> NASC. <http://www.nasc.ie/beatha.htm> (21. apríl 2000).

**Staða:** BEATHA vottunarferlið var þróað á árunum 1995-1999 með stuðningi aðila að NASC og frá LIFE-verkefni Evrópusambandsins. Fjögur svæði á Írlandi tóku þátt í þróunarvinnunni, þ.e.a.s. Donegal, Galway, Kerry og Mayo. Ekki tókst að tryggja fjármagn til að prófa kerfið í öðrum löndum Evrópu.<sup>33</sup>

Núverandi staða verkefnisins er sú, að sveitarfélögin sem eiga aðild að NASC eru að kanna möguleika á að nota aðferðafræðina sem varð til á þriggja ára reynslutíma BEATHA sem tæki til að uppfylla skyldur þeirra í tengslum við Staðardagskrá 21. Í þessari viðleitni njóta sveitarfélögin stuðnings umhverfisráðuneytisins. Tengslin sem sköpuðust milli sveitarstjórna og íbúa meðan á reynslutíma BEATHA stóð falla vel að hugmyndafræði Staðardagskrár 21, og sveitarstjórnirnar líta á vottunarferlið sem tækifæri til að örva frekari samvinnu við íbúana.

Áform voru uppi hjá samtökunum *Mitt Sverige Turism* um að prófa BEATHA kerfið á Höga Kusten í Svíþjóð, en það svæði hefur sótt um að komast veraldararfslista UNESCO. Forráðamenn svæðisins töldu merki af þessu tagi henta vel sem innlegg í það ferli, og að verkefnið gæti orðið hluti af vinnu með Dagskrá 21. Vorið 1999 var ljóst að ekki yrði af þessum áformum.<sup>34</sup> Þess í stað eru uppi hugmyndir um að þróa sérstakt vottunarkerfi sem byggir á alþjóðlegum stöðlum.<sup>35</sup>

**Almennar upplýsingar:** Svæði með BEATHA vottun er svæði þar sem náttúrulegt og manngert umhverfi eru talin standast ströngustu gæðakröfur. Í þessu felst einnig samstaða íbúanna og stjórnvalda á svæðinu um að stjórna umhverfismálum með sjálfbærum hætti til hagsbóta bæði fyrir íbúana sjálfa og afkomendur þeirra.

Meðan á þróun merkisins stóð, nutu svæðin sem sótt höfðu um vottun, aðstoðar frá sérstökum umhverfismerkjaráðgjafa. Með hliðsjón af þeirri miklu vinnu sem fylgir eftirliti með framkvæmd merkis af þessu tagi, var ákveðið að mælingar á frammistöðu skyldu aðeins fara fram á þriggja ára fresti. Því til viðbótar var gert ráð fyrir tilviljanakenndum heimsóknum til að kanna hvort hið vottaða svæði uppfyllti settar kröfur á milli reglulegra úttekta. Kæmi í ljós að misbrestur væri á slíku, mátti svipta svæðið vottuninni.

#### 4.1.4 GRIP áfangastaður

**Aðstandendur:** GRIP senter. Árið 1991 stofnaði norska umhverfisráðuneytið *Grænu stjórnunaráætlunina* (GRIP). Um var að ræða samstarfsverkefni helstu samtaka atvinnulífsins, sveitarstjórna, verkalýðsfélaga og umhverfisverndarsamtaka, með það markmið að þróa, prófa og kynna aðferðir til að bæta umhverfislega frammistöðu. Árið 1995 stofnaði Torbjörn Berntsen umhverfisráðherra GRIP (*Grønt i praksis*) sem sérstaka óháða stofnun. Tilgangurinn er að stuðla að og styðja sjálfbæra þróun í norsku atvinnulífi og meðal norskra sveitarfélaga.

<sup>33</sup> *Challenging Diversity. A Review of Environmental Recognition Schemes and Other Sustainable Tourism Activities in the Nordic Countries.* Skýrsla til Norræna Iðnaðarsjóðsins. Rambøll, Danmörku; Helsinki School of Business Economics and Administration (HSEBA), Finnlandi; International Institute for Industrial Environmental Economics (IIIEE), Svíþjóð. Janúar 2000.

<sup>34</sup> Johanna Lissinger. *Comparative Study of Recognition Schemes for Destinations: Sweden, Denmark & Norway.* Ritgerð til MSc-prófs í líffræði við vistfræðideild háskólans í Lundi, Svíþjóð, 1999.

<sup>35</sup> Sjá kafla 4.3.8.

GRIP er fjármagnað af norska umhverfisráðuneytinu. Í stjórn stofnunarinnar sitja fulltrúar þeirra samtaka sem fyrr eru nefnd. Verkefni GRIP spanna ýmsar greinar atvinnulífsins, og er ferðapjónusta ein þeirra. Þrír starfsmenn stofnunarinnar sinna umhverfismálum ferðapjónustunnar.<sup>36</sup>

**Landsvæði:** Noregur

**Gerð kerfis:** Leiðarvísir

**Viðfangsefni:** Áfangastaðir

**Tilgangur:** *GRIP-áfangastaður* er tæki fyrir ferðapjónustuna til að bæta umhverfislega frammistöðu í einstökum bæjum, þorpum og héruðum. Markmiðið er að skapa áfangastaði með heilbrigða og heiðarlega umhverfisímynd („*sunm og sann miljøprofil*“).<sup>37</sup> Kerfið stuðlar að samstarfi allra greina innan ferðapjónustunnar á svæðinu. Þýðing þess fyrir svæðið felst einkum í eftirtöldu:

- Fyrirtækin nýta auðlindir betur, gæði aukast og neikvæð áhrif á umhverfið minnka
- Farið er út í skipulögð verkefni sem taka sérstakt mið af náttúrunni og menningunni
- Umhverfisvitund starfsfólks eykst
- Markaðsstarf og kynningarefni fullnægir kröfum viðskiptavina um upplýsingar um umhverfisþætti og kröfum heimamanna um upplýsingar um umhverfismál á svæðinu
- Traustar upplýsingar verða til um ástand umhverfismála á svæðinu

**Viðmiðunarreglur:** *GRIP-áfangastaður* er leiðarvísir án viðmiðunarreglna. Ekki er heldur um að ræða úttekt eða vottun utanaðkomandi aðila. Leiðarvísirinn nær yfir hótél og veitingastaði, afþreyingu, náttúru- og menningarferðamennsku, flutninga, verslun og aðrar þjónustugreinar, fagurfræðilega þætti, ímynd og upplýsingar.

**Umsóknar- og vottunarferli:** Ekkert. Aðeins er um leiðarvísi að ræða.

**Staða:** Árið 1997 voru Lófóten, Ulvik, Geilo, Rauland og Kristiansand valin sem reynslusvæði til að prófa tilraunaútgáfu af leiðarvísinum *GRIP-áfangastaður*. Þeirri vinnu lauk á árinu 1999, og verður leiðarvísirinn gefinn út á þessu ári.<sup>38 39</sup>

**Almennar upplýsingar:** *GRIP-áfangastaður* er leiðarvísir með ráðleggingum og tillögum. Það er undir notanda leiðarvísisins komið að hve miklu leyti hann fylgir þessum leiðbeiningum. Leiðarvísirinn getur gefið hugmyndir og skapað grundvöll fyrir starf að umhverfisúrbótum, eða verið skref í áttina að umhverfismerkingu. Leiðarvísirinn inniheldur ekki viðmiðunarreglur sem þarf að uppfylla, og ekki er heldur um að ræða neina utanaðkomandi vöktun á eftirfylgninni. Leiðarvísirinn er byggður upp á eftirtöldum skrefum:

<sup>36</sup> GRIP senter. <http://www.grip.no/reiseliv/GRIP%20og%20reiseliv2.htm> (16. mars 2000).

<sup>37</sup> GRIP senter. [http://www.grip.no/reiseliv/grip\\_veiledere\\_spesielt\\_for\\_reis.htm](http://www.grip.no/reiseliv/grip_veiledere_spesielt_for_reis.htm) (22. apríl 2000).

<sup>38</sup> GRIP senter. [http://www.grip.no/reiseliv/grip\\_veiledere\\_spesielt\\_for\\_reis.htm](http://www.grip.no/reiseliv/grip_veiledere_spesielt_for_reis.htm) (22. apríl 2000).

<sup>39</sup> Lone Lamark, Grip senter. Persónulegar upplýsingar, 25. apríl 2000.

1. Upphaf og skipulagning verkefnisins
2. Kortlagning núverandi stöðu og framtíðartækifæra
3. Lýsing á áfangastaðnum og markmiðssetning fyrir verkefnið
4. Hugurflug um leiðir að markmiðum
5. Skipulagning og forgangsröðun
6. Framkvæmd
7. Mælingar og mat

Snemma í þessu ferli þarf að greina hvaða aðilar þurfa að koma að málinu. Þetta geta verið einkafyrirtæki, opinberir aðilar, gestir, íbúar á svæðinu og staðbundin ferðamálafélög. Lögð er áhersla á skýra verkaskiptingu og örugga miðlun upplýsinga og hvatningar til þeirra sem þátt taka í verkefninu.

Í leiðarvísinum er lagt til að gerður sé listi yfir auðlindir viðkomandi viðkomustaðar, svo sem áhugaverða staði, aðkomu, skipulagningu og markaðsstöðu. Einnig þarf að kortleggja umhverfisálag á svæðinu og skrá upplýsingar um loftgæði, flutninga, gæði neysluvatns, orkunotkun og verndun viðkvæmra svæða.

## 4.2 KERFI FYRIR EINSTAKAR GREINAR

Þó að greina megi ákveðna þróun í átt að vottun fyrir áfangastaði ferðamanna, boðar það ekki endalok á vottun einstakra fyrirtækja í ferðapjónustu. Litið er á gististaði og vinsæla viðkomustaði í náttúrunni sem tvo mikilvægustu þættina í sjálfbærri þróun ferðapjónustunnar.<sup>40</sup> Þess er ekki að vænta að einstakir áfangastaðir nálgist markmiðið um sjálfbæra þróun, nema unnið sé í anda sömu hugmyndafræði í einstökum ferðapjónustufyrirtækjum á svæðinu.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra vottunarkerfa sem í notkun eru hjá norrænum ferðapjónustufyrirtækjum.

### 4.2.1 Svanurinn fyrir hótél



Mynd 4. Svanurinn, Norræna umhverfismerkið<sup>41</sup>

**Aðstandendur:** Norræna ráðherranefndin

**Landsvæði:** Norðurlönd

**Gerð kerfis:** Umhverfismerki

<sup>40</sup> Victor Middleton og Rebecca Hawkins. *Sustainable tourism; A marketing perspective*. Butterworth-Heinemann, Oxford, 1998.

<sup>41</sup> Hollustuvernd ríkisins. <http://www.hollver.is/>.

**Viðfangsefni:** Hótel. Nánar tiltekið er um að ræða „hótelstarfsemi og önnur form skammtímadvalar í norrænum löndum, þar sem gjaldtaka felur a.m.k. í sér hrein rúmföt, handklæði, sturtu/bað og ræstingu. Hótelið þarf að bjóða upp á morgunmat. Morgunmatnum fylgir uppþvottur diska, glasa, bolla og hnífapara. Þar sem það á við skal tengd starfsemi, svo sem veitingasalir, ráðstefnuaðstaða og sundlaugar, einnig uppfylla viðmiðunarreglurnar“.<sup>42</sup> Aðaláherslan er á hótél sem nýtt eru á viðskiptaferðum. Farfuglaheimili og tjaldsvæði eru ekki tekin með.

**Tilgangur:** Mikið starf er unnið í umhverfismálum gististaða á Norðurlöndunum og því mikilvægt að beina starfinu inn á samræmda braut. *Svanurinn* ætti að vera gott tæki til að byggja upp markmið fyrir þetta starf.

**Viðmiðunarreglur:** Byggt er á þrenns konar viðmiðunum; lykiltölum, aðgerðum sem þarf að ljúka og umhverfisstjórnun. Lagt er mat á orkunotkun og vatnsnotkun, notkun kemískra efna, nýtingu hráefnis og neysluvöru, innréttingar og skreytingar, úrgang og flutninga. Kerfið felur í sér viðmiðunarreglur fyrir gistingu, en einnig fyrir tengda þjónustu svo sem ráðstefnuaðstöðu, veitingaþjónustu og hvíldaraðstöðu. Áhersla er lögð á góða nýtingu auðlinda og að vörum sem hafa mikil neikvæð áhrif á umhverfið sé skipt út fyrir aðrar umhverfisvænni.

**Umsóknar- og vottunarferli:** Umsóknir um *Svaninn* eru sendar til umsjónaraðila í viðkomandi landi (á Íslandi til Hollustuverndar ríkisins) á sérstökum eyðublöðum. Umsjónaraðilinn veitir síðan leyfi til að nota merkið þegar farið hefur verið yfir fylgigögn og gengið úr skugga um að viðmiðunarreglur séu uppfylltar. Gildistími leyfisins er til loka gildistíma viðkomandi viðmiðunarreglna. Haft er eftirlit með því að reglum sé fylgt út gildistímamann.<sup>43</sup>

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjald vegna notkunar á *Svaninum* í samræmi við gjaldskrá nr. 233/1998.<sup>44</sup> Umsóknargjald er kr. 100.000, en heimilt er í sérstökum tilfellum að lækka það að fenginni umsögn stjórnar umhverfismerkisráðs. Eftir það greiðir viðkomandi fyrirtæki árgjald, sem nemur 0,4% af veltu viðkomandi einingar eða vöru, þó að lágmarki kr. 5.000 og að hámarki kr. 200.000 á ári.<sup>45</sup> Dæmi eru um frávik til lækkunar á prósentuhlutanum vegna árstíðabundinna sveiflna í atvinnugreininni, og vegna þess að með innkaupum á svanmerktum rekstrarvörum er hótelið einnig óbeint að greiða framlag til kerfisins.

**Staða:** Viðmiðunarreglur voru samþykktar 1. október 1999 og breytt lítillga 2. nóvember sama ár. Núverandi reglur gilda til 30. september 2002. Í lok febrúar 2000 höfðu 3 norrænir gististaðir fengið *Svaninn*; Gálá Høgfjellshotell og Hytter AS í

<sup>42</sup> SIS Miljömärkning AB. *Nordisk miljömärkning. Miljömärkning av Hotell. Kriteriedokument 1 oktober 1999 – 30 september 2002. Version 1.1.* <http://www.svanen.nu/DocNord/072.pdf> (22. apríl 2000). (Þýðing skýrsluhöf.).

<sup>43</sup> SIS Miljömärkning AB. *Regler för Nordisk miljömärkning av produkter.* <http://www.svanen.nu/docpdf/Regelverk.pdf> (22. apríl 2000).

<sup>44</sup> Hollustuvernd ríkisins. *Gjaldskrá nr. 233/1998 um norrænt umhverfismerki.* <http://www.hollver.is/logreglur/g1998-233.html> (19. maí 2000).

<sup>45</sup> Tore Skjenstad, Hollustuvernd ríkisins. Persónulegar upplýsingar, 19. maí 2000.

Guðbrandsdal í Noregi,<sup>46</sup> Rica City Hotel Kungsgatan í Stokkhólmi og Sånge-Såby Kurs & Konferens í Stokkhólmi.<sup>47</sup>

**Almennar upplýsingar:** *Svanurinn* var settur á stofn af Norrænu ráðherranefndinni, ráðherrum sem fara með neytendamál, þann 6. nóvember 1989, og varð þar með fyrsta fjölþjóðlega umhverfismerkið. Einn helsti tilgangur merkisins var að samræma það sem þegar hafði verið gert í vottunarmálum til að komast hjá ruglingi. Samþykktar hafa verið viðmiðunarreglur fyrir um 50 flokka vöru og þjónustu. Viðmiðunarreglur fyrir hvern flokk um sig eiga að vera þannig úr garði gerðar að í mesta lagi 30% fyrirtækja í greininni geti uppfyllt þær í upphafi. Reglurnar eru undirbúnar af hópum sérfræðinga í viðkomandi greinum, en norræna umhverfismerkinganefndin, NMN, tekur endanlegar ákvarðanir um viðmiðanir.

Eins og nefnt var hér að framan er gert ráð fyrir þrenns konar viðmiðunarreglum fyrir gististaði, þ.e. lykiltölum, aðgerðum sem þarf að vera lokið og umhverfisstjórnun. Æskilegt hefði verið að byggja viðmiðunarreglurnar eingöngu á lykiltölum, svo sem hámarksfjölda kílóvattstunda á gistinótt, þar sem slíkt mynda gefa hverjum gististað um sig tækifæri til að finna eigin lausnir. Á þessu stigi er hins vegar erfitt að búa til viðmiðunarreglur af þessu tagi, þar sem ekki eru til nægjanlegar tölulegar upplýsingar til að byggja slíkar reglur á. Mismunandi aðferðir við mælingar, svo sem á orkunotkun, skapa einnig vandamál hvað þetta varðar. Til að byrja með verða lykiltölurnar því byggðar á tiltölulega lágru viðmiðun, en eftir því sem tölulegar upplýsingar verða áreiðanlegri verður viðmiðunin hækkuð.

Til að tryggja háan staðal í umhverfismálum gististaða þegar í upphafi, ná viðmiðunarreglurnar til þátta á borð við sparperur, sparnaðarskolun salerna og meðhöndlun úrgangs. Þetta eru með öðrum orðum dæmi um aðgerðir sem þarf að ljúka áður en hægt er fá vottun skv. kerfinu. Ástæða þess að kröfur um umhverfisstjórnun eru einnig hluti af viðmiðunarreglunum er sú að tryggja þarf að starfsfólk og stjórnendur viðhaldi góðri frammistöðu á umhverfissviðinu eftir að viðkomandi gististaður hefur fengið *Svaninn*. Með þessu er einnig hægt að nálgast þætti sem erfitt er að fást við í formi lykiltalna og krafna um aðgerðir. Viðmiðunarreglur sem snúa að ákvörðunum í framtíðinni, svo sem varðandi innréttingar, eru annað dæmi sem skýra þörfina fyrir kröfur um umhverfisstjórnun. Innréttingar eru ekki flokkaðar sem vandamál fyrr en komið er að því að skipta um þær. Þá er mikilvægt að til staðar sé forskrift sem lýsir því hvernig að slíku skuli staðið. Slík forskrift er hluti umhverfisstjórnunarkerfisins.

Mælt er með eftirfarandi aðgerðum til að undirbúa vottun:

- Setja upp orkumæla
- Safna gögnum um alla neyslu
- Taka upp kerfi fyrir flokkun úrgangs og vigta allan úrgang
- Fara yfir innkaup, athuga hvort vörur séu merktar með Svaninum
- Skipuleggja vinnubrögð skv. umhverfisstjórnunarkerfi
- Reyna að setja upp mælanleg markmið
- Upplýsa starfsfólk

<sup>46</sup> Stiftelsen Miljømerking. Pressemeldinger. <http://www.ecolabel.no> (2. mars 2000).

<sup>47</sup> SIS Miljömärkning. Nyheter/Rapporter. <http://www.svanen.nu/News/RicaHotell.htm> (2. mars 2000).

#### 4.2.2 Græni lykillinn



DEN GRØNNEN ØGLE

#### Mynd 5. Græni lykillinn<sup>48</sup>

**Aðstandendur:** HORESTA, danska útivistarsambandið og danska ferðamálaráðið. Verkefningin var hleypt af stokkunum 1994.

**Landsvæði:** Danmörk

**Gerð kerfis:** Umhverfismerki

**Viðfangsefni:** Gististaðir, þ.m.t. farfuglaheimili, tjaldstæði og sumarhús til útleigu

**Tilgangur:** *Græni lykillinn* er tæki til að breyta viðhorfum í aðgerðir. Tilgangurinn er að koma á alvarlegum umhverfisvænum stjórnunarháttum án þess að það komi niður á þægindum gestanna. Megintilgangur er þó sá að draga úr umhverfisógn sem stafað getur af starfsemi gististaða.

**Viðmiðunarreglur:** Helstu áhersluþættir í viðmiðunarreglunum eru upplýsingar til gesta, menntun starfsfólks, vatn, úrgangur, umhverfi innan dyra og utan og þvottur og þrif. Sérstakar reglur gilda fyrir hverja gerð gististaða; í fyrsta lagi fyrir hótél, ráðstefnumiðstöðvar og farfuglaheimili, í öðru lagi fyrir tjaldstæði og í þriðja lagi fyrir fyrirtæki sem leigja út bústaði.

Viðmiðunarreglurnar skiptast í þrjá meginflokka; skuldbindandi reglur, síðari tíma skuldbindandi reglur og fyrirmýndarreglur. Til að fá vottun þarf að uppfylla allar skyldureglurnar og leggja fram viðurkennda framkvæmdaáætlun um það hvernig allar síðari tíma reglurnar verði uppfylltar. Þá þarf að uppfylla minnst 6 af 10 fyrirmýndarreglum. Hægt er að uppfylla fyrirmýndarreglu með því að grípa til hliðstæðra aðgerða þó að þær séu ekki hluti af forskriftinni, enda sé það samþykkt af forsvarsmönnum *Græna lykilsins*.

Gera þarf framkvæmdaáætlun og birta skýrslu um árangur. Skrifstofa *Græna lykilsins* sér um að fylgjast með því að reglunum sé fylgt. Þetta yfirlit er yfirlit í formi heimsóknna sem tilkynnt er um með tveggja sólarhringa fyrirvara, en einnig er hægt að framkvæma eftirlit í fyrirvaralausum heimsóknum. Sérstakur fulltrúi skal vera til staðar innan hvers fyrirtækis, sem sér um að viðmiðunarreglum sé fylgt. *Græni lykillinn* er afhentur til 12 mánaða í senn.

<sup>48</sup> Græni lykillinn. <http://www.dengroennenoeogle.dk/danish/index.html>.

Aðstandendur *Græna lykilsins* vilja að merkið verði í fararbroddi sem traustasta merki sinnar tegundar í heiminum. Viðmiðunarreglurnar taka mið af þessari stefnu.<sup>49</sup>

**Umsóknar- og vottunarferli:** Sótt er um *Græna lykilinn* til skrifstofu verkefnisins. Vottun fæst þegar gengið hefur verið úr skugga um að viðkomandi rekstraraðili uppfylli viðmiðunarreglurnar. Vottun kostar 4.000 DKK (danskar krónur) á ári, auk 40 DKK fyrir hvert herbergi á viðkomandi gististað.<sup>50</sup>

**Staða:** Nú hafa 106 gististaðir fengið *Græna lykilinn*.<sup>51</sup>

**Almennar upplýsingar:** Talsvert hefur verið rætt um samanburð á *Græna lyklinum* og *Svaninum* fyrir hótél. Í grófum dráttum ná bæði kerfin til sömu umhverfisþátta, en minni háttar munur er á áherslum, svo sem hvað varðar vatnsnotkun salernisskála, viðhald húsnæðis og meðferð útisvæða. Að mati dönsku umhverfisstofnunarinnar eru kerfin þó í aðalatriðum sambærileg.<sup>52</sup>

*Græni lykillinn* og *Green Globe 21* hafa hafið samstarf um sameiginlega vottun ferðaþjónustufyrirtækja á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum. Allir gististaðir sem hafa fengið *Græna lykilinn* verða sjálfkrafa þátttakendur í þessu sameiginlega verkefni. Málið er enn á frumstigi.<sup>53</sup>

### 4.2.3 Green Globe vottun

**Aðstandendur:** Green Globe

**Landsvæði:** Alþjóðlegt

**Gerð kerfis:** Umhverfismerki/umhverfisstjórnunarkerfi

**Viðfangsefni:** Fyrirtæki í ferðaþjónustu

**Tilgangur:** Að veita óháða vottun fyrir úrbætur í umhverfismálum innan starfs í tengslum við Dagskrá 21, þar sem unnið er með umhverfisstjórnunarkerfi.

**Viðmiðunarreglur:** Ekki er beinlínis um viðmiðunarreglur að ræða. Ætlast er til að uppfylltar séu reglur á sex meginviðum:

1. Sorpmagn, endurnýting og endurvinnsla
2. Orkunýting, verndun og stjórnun
3. Stjórnun ferskvatnsauðlinda
4. Stjórnun fráveitumála

<sup>49</sup> Græni lykillinn. <http://www.dengroennenoegle.dk/danish/index.html> (22. apríl 2000).

<sup>50</sup> HORESTA. Heimasíða. <http://www.horesta.dk/> (22. apríl 2000).

<sup>51</sup> Græni lykillinn. <http://www.dengroennenoegle.dk/danish/index.html> (22. apríl 2000).

<sup>52</sup> Svend Auken, umhverfisaráðherra Danmerkur. Svar við fyrirspurn í danska þinginu, nr. 537 24. september 1999. [http://www.folketinget.dk/Samling/19991/udvbiilag/MPU/Almdel\\_bilag103.htm](http://www.folketinget.dk/Samling/19991/udvbiilag/MPU/Almdel_bilag103.htm) (1. nóvember 1999).

<sup>53</sup> Green Globe News. 2. tbl., maí 2000.

<http://www.greenglobe21.com/comfil/news/090500/index.htm> (18. maí 2000).

5. Umhverfisvæn innkaupastefna
6. Þróun félagsmála og menningarmála

**Umsóknar- og vottunarferli:** Fyrirtæki sem óskar eftir Green Globe vottun skráir sig og greiðir umsóknargjald, 350-15.000\$ eftir umfangi. Meðlimir í Green Globe eru þó undanþegnir gjaldinu. Green Globe metur fyrirtækið og veitir ráðgjöf á grundvelli matsins. Fyrirtækið fær afhenta staðfestingu á þátttöku í verkefninu, en þessi staðfesting felur í sér leyfi fyrir fyrirtækið til að nota merki Green Globe 21. (Sjá mynd 1). Á þessu stigi felst ekki vottun í merkinu, heldur aðeins staðfesting á að viðkomandi aðili hafi formlega samþykkt að stefna að vottun innan tiltekins tíma.

Þegar fyrirtækið hefur uppfyllt kröfur kerfisins sækir það um úttekt til SGS (Soicété Générale de Surveollancs S.A.) og greiðir umsamið gjald. Fyrirtækið fær síðan vottun þegar staðfest hefur verið að það hafi uppfyllt kröfurnar. Vottunin er auðkennd með haki í Green Globe merkið. (Sjá mynd 2). Vottun er endurnýjuð árlega að lokinni nýrri úttekt.

Green Globe vinnur að útgáfu leiðarvísa fyrir umsóknir um Green Globe vottun. Fyrstu leiðarvísarnir af þessu tagi, fyrir gistaðri og skipuleggjendur ferða, komu út um miðjan mars 2000.<sup>54</sup>

**Staða:** Rúmlega 500 ferðaþjónustufyrirtæki eiga nú aðild að *Green Globe 21*.<sup>55</sup> Þrjár einingar ferðaþjónustunnar á Hellnum í Snæfellsbæ gerðust nýlega þátttakendur í kerfinu, fyrstar íslenskra ferðaþjónustuaðila.<sup>56</sup>

**Almennar upplýsingar:** *Green Globe 21* er nýr staðall til að innleiða grundvallaratriði Dagskrár 21 í ferðaþjónustuna. *Green Globe* og SGS hafa þróað þetta vottunarkerfi.

Vottun eftir þessum staðli gerir þær kröfur til fyrirtækja að þau nái ákveðnu stigi í umhverfisstjórnun sem talið er fullnægjandi miðað við stærð fyrirtækjanna, gerð og staðsetningu. Þessi viðmiðun er ákveðin í stöðugu samráði hagsmunaaðila á staðnum, á landsvísu og á alþjóðlegum vettvangi. Við uppbyggingu viðmiðunarreglna fyrir *Green Globe 21* eru gengið út frá þremur grundvallarforsendum:

- Reglurnar eiga að hafa mikla þýðingu fyrir umhverfislega frammistöðu
- Reglurnar eiga að hafa skíra skírskotun til ferðaþjónustunnar og vera raunsæjar frá sjónarhóli fyrirtækjanna
- Kostnaður sem af reglunum hlýst verður að vera mælanlegur

*Green Globe 21* og *Græni lykillinn* hafa hafið samstarf um sameiginlega vottun ferðaþjónustufyrirtækja á Norðurlöndunum og í Eystrasaltlöndunum. Allir gistaðir sem hafa fengið *Græna lykilinn* verða sjálfkrafa þátttakendur í þessu sameiginlega verkefni. Málið er enn á frumstigi.<sup>57</sup>

<sup>54</sup> Green Globe News. 1. tbl., mars 2000.

<http://www.greenglobe21.com/comfil/news/100400/index.htm> (21. apríl 2000).

<sup>55</sup> Green Globe 21. <http://www.greenglobe21.com/comfil/members/list/index.htm> (22. apríl 2000).

<sup>56</sup> Guðrún Bergmann, Hellnum. Persónulegar upplýsingar, apríl 2000.

<sup>57</sup> Green Globe News. 2. tbl., maí 2000.

<http://www.greenglobe21.com/comfil/news/090500/index.htm> (18. maí 2000).

#### 4.2.4 Blái fáninn



**Mynd 6. Blái fáninn. Evrópskt umhverfismerki fyrir baðstrendur og smábátahafnir<sup>58</sup>**

**Aðstandendur:** *Blái fáninn* er þróaður og skipulagður af FEEE, (Foundation for Environmental Education in Europe) með fjárhagslegum stuðningi framkvæmdanefndar Evrópusambandsins.

**Landsvæði:** Evrópa (og hugsanlega Karabíska hafið)

**Gerð kerfis:** Umhverfismerki

**Viðfangsefni:** Strendur og smábátahafnir

**Tilgangur:** Aðaltilgangur verkefnisins er að auka skilning fólks á málefnum strandsvæða og stuðla að því að umhverfisþættir séu teknir til greina við ákvarðanatöku stjórnvalda á slíkum svæðum. Til langs tíma litið er verkefninu ætlað að stuðla að

- sjálfbærri notkun auðlinda á strandsvæðum
- skilningi á nauðsyn samræmdar stjórnunar strandsvæða
- skilningi á mikilvægi umhverfismála á strandsvæðum fyrir notendur svæðanna
- stefnumótun á landsvísu um vatnsgæði

*Bláa fánanum* er ætlað að vera tákni um háan umhverfisstaðal, góða hreinlætisaðstöðu og öryggi á strandsvæðum. Í kerfinu felst einnig miðlun upplýsingar og fræðslu til almennings, stjórnenda og þeirra sem skipuleggja ferðir.

**Viðmiðunarreglur:** Vottunarkerfi *Bláa fánans* er byggt á 27 sértækum viðmiðunarreglum fyrir baðstrendur og 16 reglum fyrir smábátahafnir. Reglurnar eru ýmist ófrávíkjanlegar eða leiðbeinandi. Viðmiðunarreglurnar eru í stöðugri þróun, þannig að þær verða smátt og smátt strangari eftir því sem ný þekking og nýjar tæknilegar lausnir koma fram. Þó að reglurnar fyrir baðstrendur og hafnir séu mismunandi, þá snúast þær í báðum tilvikum um fjóra þætti:

- Vatnsgæði
- Umhverfisfræðslu og upplýsingar
- Umhverfisstjórnun
- Öryggi og þjónustu

<sup>58</sup> Blái fáninn. <http://www.feee.org/html/bgate.htm> .

**Umsóknar- og vottunarferli:** Sveitarfélög geta sótt um *Bláa fánann* fyrir baðstrendur, en eigendur hafna sækja um fyrir smábátahafnir. Hlutaðeigandi fyllir þá út sérstakt eyðublað sem sent er til dómnefndar í viðkomandi landi.<sup>59</sup> Umsóknum þurfa að fylgja staðfestar mælingar á vatnsgæðum frá fyrra ári. Umsækjandi þarf að uppfylla allar skyldureglurnar, auk tiltekins fjölda hinna leiðbeinandi reglna.

Dómnefndir á landsvísu eru skipaðar fulltrúum frá umhverfisráðuneyti, ferðamálaráðuneyti, umhverfisverndarsamtökum, samtökum sveitarfélaga, samtökum björgunarsveita og sérfræðingum um menntunar- og hafnamál. Dómnefnd ákveður hvort umsækjandi uppfylli viðmiðunarreglurnar. Samþykktar umsóknir og vafamál eru síðan send áfram til evrópskrar dómnefndar, þar sem sitja 3 fulltrúar FEEE, ásamt fulltrúum Evrópusambandsins. Þar er tekin endanleg ákvörðun um það hvort umsækjanda skuli veittur *Blái fáninn*. Í sumum aðildarlöndum er meira en helmingi umsókna hafnað.

Viðurkenningin gildir aðeins í eitt ár í senn, og svæði geta jafnvel verið svipt henni á miðju ári ef ástandið hefur versnað þannig að viðmiðunarreglurnar séu ekki lengur uppfylltar. Umhverfisyfirvöld í viðkomandi landi fylgjast með stöðu mála á svæðinu, og umsjónarmenn verkefnisins koma einnig í óundirbúnaðar heimsóknir.

**Staða:** *Blái fáninn* er vel þekktur í Evrópu. Á árinu 1999 blakti fáninn við hún við rúmlega 2.400 baðstrendur og smábátahafnir í 21 landi í álfunni.<sup>60</sup> Snemma árs 2000 var ákveðið að stefna að því að baðströndum við Karabíska hafið verði einnig gert kleift að nota *Bláa fánann*. Í mars átti að vera búið að velja nokkrar strendur til að nota við þróun viðmiðunarreglna sem taka mið af aðstæðum á þessu svæði.<sup>61</sup>

**Almennar upplýsingar:** *Blái fáninn* er viðurkenningarkerfi sem ætlað er að verðlauna sveitarstjórnir og samstarfsaðila þeirra sem bjóða upp á öruggar og hreinar baðstrendur og hafnir.

#### 4.2.5 Miljöfyrtaurn



**Mynd 7. Miljöfyrtaurn. (Umhverfisvitinn). Umhverfismerki fyrirtækja í Kristiansand og fleiri norskum sveitarfélögum.<sup>62</sup>**

**Aðstandendur:** Sveitarfélagið Kristiansand í Noregi hleypti verkefninu af stokkunum 1996 sem hluta af Staðardagskrárstarfinu í sveitarfélaginu. Ári síðar var ákveðið að veita öðrum norskum sveitarfélögum aðgang að kerfinu. Frá og með árinu

<sup>59</sup> The Blue Flag Campaign. <http://www.blueflag.org/criteria/application.htm> (16. mars 2000).

<sup>60</sup> The Blue Flag Campaign. [http://www.blueflag.org/main\\_start.htm](http://www.blueflag.org/main_start.htm) (16. mars 2000).

<sup>61</sup> Green Globe News. 1. tbl., mars 2000.

<http://www.greenglobe21.com/comfil/news/100400/index.htm> (21. apríl 2000).

<sup>62</sup> Miljöfyrtaurn. <http://www.krkom.no/fyrtaarn/default.htm>.

2000 er verkefnið rekið á landsvísu með fjárhagslegum stuðnings frá norska umhverfisráðuneytinu.<sup>63</sup>

**Landsvæði:** Noregur (upphaflega Kristiansand)

**Gerð kerfis:** Umhverfismerki/umhverfisstjórnunarkerfi

**Viðfangsefni:** Fyrirtæki á áfangastað

**Tilgangur:** „Enginn grænn áfangastaður án grænna fyrirtækja“. Tilgangurinn er að hækka umhverfisstaðalinn á viðkomandi svæði, og stuðla að umhverfisúrbótum í sem flestum norskum smáfyrirtækjum á sviði iðnaðar, flutninga, verslunar og þjónustu. Stórfyrirtæki hafa ekki aðgang að kerfinu. Merkinu er ekki ætlað að vera í samkeppni við önnur vottunarkerfi, svo sem EMAS og ISO14001.<sup>64</sup>

**Viðmiðunarreglur:** Viðmiðunarreglurnar fjalla um meðhöndlun úrgangs, lágmörkun úrgangs, efnisnotkun, vinnuumhverfi, orkusparnað, vatnsnotkun og vatnssparnað, umhverfisupplýsingar og mengun umhverfisins. Samdar hafa verið viðmiðunarreglur fyrir 31 atvinnugrein, og reglur fyrir 12 til viðbótar eru í undirbúningi.<sup>65</sup>

Fyrirtækin þurfa að uppfylla viðmiðunarreglur sem settar eru fyrir viðkomandi starfsgrein. Hvert fyrirtæki þarf að ráðast í amk. eitt stórt umbótaverkefni, minni háttar lagfæringar eru ekki nægjanlegar. Við vottun er litið til þess hvernig starfinu hefur verið háttað og hvort starfsfólk hafi komið að því með fullnægjandi hætti.

**Umsóknar- og vottunarferli:** Þegar fyrirtæki gerist aðili að verkefninu er byrjað á að setja upp þriggja til fimm manna vinnuhóp með lykilpersónum og áhugasömu starfsfólki. Hópurinn ákveður hvaða málaflokkar sé nauðsynlegt að taka fyrir í umhverfisúttekt, og að úttekt lokinni er unnin framkvæmdaáætlun um úrbætur í umhverfismálum fyrirtækisins. Að því loknu er sveitarfélaginu gert viðvart, og það afhendir síðan vottunina við hátíðlega athöfn, enda hafi viðmiðunarreglurnar að mestu verið uppfylltar.

**Staða:** Þann 30. mars 2000 höfðu 103 fyrirtæki verið vottuð. Samtals hafa 108 sveitarfélög (að Svalbarða meðtöldum) keypt Miljöfyrirtærnpakkann. Þar af hafa 30 sveitarfélög hafið undirbúning að vottun fyrirtækja á sínu svæði.<sup>66</sup>

**Almennar upplýsingar:** Miljöfyrirtærnverkefninu er stjórnað af stýrihópi á landsvísu, sem stofnaður var 23. febrúar 2000. Í hópnum sitja m.a. fulltrúar frá GRIP senter, Sambandi norskra sveitarfélaga og samtökum atvinnurekenda, auk fulltrúa frá sveitarfélaginu Kristiansand. Verkefnið verður rekið í núverandi mynd til reynslu til ársloka 2002 með árlegum styrk frá norska umhverfisráðuneytinu upp á 2 milljónir norskra króna. Í lok reynslutímans verður verkefnið endurmetið og ákvörðun tekin um varanlegt framhald.

<sup>63</sup> Miljöfyrirtærn. <http://www.krkom.no/fyrtaarn/Programinfo/Organisering.htm> (22. apríl 2000).

<sup>64</sup> Miljöfyrirtærn. <http://www.krkom.no/fyrtaarn/Programinfo/Hensikt.htm> (22. apríl 2000).

<sup>65</sup> Miljöfyrirtærn. <http://www.krkom.no/fyrtaarn/Programinfo/Organisering.htm> (22. apríl 2000).

<sup>66</sup> Miljöfyrirtærn. <http://www.krkom.no/fyrtaarn/Programinfo/Resultater.htm> (22. apríl 2000).

Forgöngufyrirtæki (pilot company) í hverri grein er valið af öðrum fyrirtækjum í greininni, eftir ábendingum einstaklinga, eða eftir að leitað hefur verið til fyrirtækja um þátttöku. Tillögur um viðmiðunarreglur taka síðan mið af stöðu mála í forgöngufyrirtækinu. Landssamtök viðkomandi atvinnugreinar fjalla síðan um tillögurnar, og endanleg afgreiðsla er í höndum stýrihópsins.

Eftirlit verður væntanlega framkvæmt þremur árum eftir afhendingu merkisins. Fyrirtækin eru skyldug til að skila árlegum skýrslum með upplýsingum um árangur við að vinna eftir framkvæmdaáætlun vegna verkefnisins.

#### 4.2.6 GRIP hótél

**Aðstandendur:** GRIP senter

**Landsvæði:** Noregur

**Gerð kerfis:** Leiðarvísir

**Viðfangsefni:** Gististaðir

**Tilgangur:** Eftir að GRIP kerfið hefur verið innleitt með góðum árangri ættu eftirfarandi að vera sýnilegt

- Umhverfisstefna hótelsins ætti að vera kunn öllu starfsfólki
- Starfsfólkið ætti að vera fært um að svara spurningum gesta sem láta sig umhverfismál varða
- Nýjar og skilvirkar áætlanir í umhverfismálum ættu að hafa leitt til lækkaðs rekstarkostnaðar
- Minnkandi notkun auðlinda
- Minnkandi förgun úrgangs
- Stjórnin gerir sér grein fyrir neikvæðum umhverfisáhrifum hótelsins og þýðingu þeirra fyrir hótelið til skamms og langs tíma
- Nýir og gamlir viðskipta- og hagsmunaaðilar þekkja til starfs hótelsins að umhverfismálum
- Þeir sem selja hótelinu vörur eða þjónustu hafa aðlagð sig að kröfum hótelsins á umhverfissviðinu
- Starf að umhverfismálum á að vera hluti af daglegu venjubundnu starfi

**Viðmiðunarreglur:** *GRIP-hótél* er leiðarvísir án viðmiðunarreglna. Ekki er heldur um að ræða úttekt eða vottun utanaðkomandi aðila.

**Umsóknar- og vottunarferli:** Ekkert. Aðeins er um leiðarvísi að ræða.

**Staða:** Gefinn hefur verið út bæklingurinn *GRIP hótél* og honum dreift í 3000 eintökum í tengslum við námskeið, ráðstefnur oþh. GRIP-senter fylgist með dreifingunni eftir föngum, en ekkert mat er lagt á það að hve miklu leyti leiðarvísirinn er notaður.

**Almennar upplýsingar:** Bæklingurinn *GRIP hótél* er stjórnþæki fyrir stjórnendur gististaða sem vinna vilja að verkefnum á umhverfissviðinu. Þar er að finna upplýsingar um ástæður þess að vinna þarf að þessum málum, svo og leiðbeiningar um aðgerðir. Til viðbótar hefur GRIP nýlega dreift öðrum bæklingi, *259 ábendingar um bættu frammistöðu í umhverfismálum veitinga- og gististaða*.<sup>67</sup> Útgáfa þess bæklingis var svar við óskum um hnitmiðaðri ábendingar um aðgerðir til að bæta frammistöðuna í umhverfismálum.

### 4.3 ÝMISS KERFI OG VERKEFNI

Hér verður dregið lauslega á nokkur fleiri umhverfisverkefni og vottunar- eða viðurkenningarkerfi sem tengjast norrænni ferðaþjónustu, en hafa náð minni útbreiðslu en kerfin hér að framan (sjá kafla 4.1 og 4.2), eða eru almennara eðlis. Sum þessara kerfa eru enn á umræðu- eða undirbúningsstigi.

#### 4.3.1 Baltic 21

*Baltic 21* er áætlun um sjálfbæra þróun á Eystrasaltssvæðinu, eða með öðrum orðum Dagskrá 21 fyrir Eystrasaltssvæðið. Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum á fundi umhverfisráðherra viðkomandi ríkja í Saltsjöbaden í október 1996. Öll Norðurlöndin eiga aðild að *Baltic 21*, auk Eystrasaltslandanna, Þýskalands, Póllands og Rússlands. *Baltic 21* nær til 7 atvinnugreina, og er ferðaþjónustan ein þeirra. Samin hefur verið sérstök framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustuna, þar sem lögð er áhersla á sameiginlegan skilning á því sem þarf að vera til staðar til að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu á svæðinu. Innan framkvæmdaáætlunarinnar er m.a. ætlunin að vinna að bættum umhverfismerkingum og vottunarkerfum.<sup>68</sup>



Mynd 8. Merki Baltic 21<sup>69</sup>

#### 4.3.2 Evrópuverðlaun fyrir ferðaþjónustu og umhverfi

Evrópuverðlaun fyrir ferðaþjónustu og umhverfi, *Evrópsku umhverfisverðlaunin*, voru sett á fót 1995 af nefnd innan framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með þátttöku 17 Evrópuríkja og ráðherra ferðamála og umhverfismála í ríkjunum. Tilgangurinn var að veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi áfangastaði í Evrópu, þar sem vel tækist að sameina þróun ferðaþjónustu og verndun umhverfisins sem hluta af stefnumótun í byggðapróun. Samkeppni um verðlaunin var opin öllum áfangastöðum ferðamanna, þar sem til staðar voru a.m.k. 500 gistirúm og a.m.k. 2.500 íbúar.<sup>70</sup> Skaftárhreppur

<sup>67</sup> GRIP senter. *259 tips for en bedre miljøprofil i hotell- og restaurantbransjen*. Grip senter, Oslo, 1998.

<sup>68</sup> Baltic 21. *An Agenda 21 for the Baltic Sea Region – Baltic 21*. Baltic 21 Series No 1/98. Baltic 21, Stokkhólmi, 1998.

<sup>69</sup> Baltic 21. <http://www.ee/baltic21/> .

<sup>70</sup> Johanna Lissinger. *Comparative Study of Recognition Schemes for Destinations: Sweden, Denmark & Norway*. Ritgerð til MSc-prófs í líffræði við vistfræðideild háskólans í Lundi, Svíþjóð, 1999.

var tilnefndur til verðlaunanna 1995, en þá varð bærinn Kinsale á Írlandi hlutskarpastur. Svo virðist sem verðlaunin hafi verið veitt aðeins í þetta eina sinn, en ætlunin var að veita þau til tveggja ára í senn.

### 4.3.3 Umhverfisverðlaun British Airways

Flugfélagið British Airways hefur staðið fyrir veitingu umhverfisverðlauna síðan á árinu 1990. Tilgangurinn er að styðja umhverfisverndarverkefni, og er verðlauninum beint að stórum sem smáum skipuleggjendum ferða, einstökum hótélum og hótélkeðjum, þjóðgörðum og öðrum aðilum eða verkefnum sem tengjast ferðapjónustu.<sup>71</sup> Verðlaunin hafa enn sem komið er ekki fallið norrænum ferðapjónustuaðilum í skaut.



Mynd 9. Merki British Airways<sup>72</sup>

### 4.3.4 Verðlaun IH&RA

Alþjóðasamtök hótela og veitingastaða (International Hotel & Restaurant Association (IH&RA)) stofnuðu til umhverfisverðlauna á árinu 1990 í þeim tilgangi að stuðla að aukinni umhverfisvitund á hótélum og verðlauna aðgerðir sem miða að vistvænni starfsemi.<sup>73</sup> Framkvæmdastjóri Sångá-Säby Kurs & Konferens í Stokkhólmi hlaut verðlaunin 1997, og mun hann vera eini norræni verðlaunahafinn til þessa.



Mynd 10. Merki IH&RA<sup>74</sup>

### 4.3.5 Committed to Green. Umhverfisverkefni Golfsambands Evrópu

Í september 1997 hófst sérstakt umhverfisverkefni, *Committed to Green*, á vegum Golfsambands Evrópu. Verkefninu er ætlað að sýna hvernig vel rekin íþróttamannvirki og íþróttaviðburðir geta komið umhverfinu til góða, svo sem með verndun lífríkis, verndun menningarminja, ábyrgri notkun vatns, mengunarvörnum og fræðslu. Verkefninu er í fyrsta lagi beint að núverandi mannvirkjum til að stuðla að úrbótum á þeim í umhverfislegu tilliti, í öðru lagi að nýjum verkefnum til að tryggja að þau taki mið af viðeigandi leiðarvísunum um umhverfismál og í þriðja lagi að stórum íþróttaviðburðum til að nýta fjölmiðla til að ýta undir umhverfisvitund.<sup>75</sup>

<sup>71</sup> British Airways. <http://www.british-airways.com/inside/comm/tourism/tourism.shtml> (22. apríl 2000).

<sup>72</sup> British Airways. <http://www.british-airways.com/inside/comm/tourism/docs/tourcon.shtml>

<sup>73</sup> IH&RA. <http://www.ih-ra.com/awards/awards/> (22. apríl 2000).

<sup>74</sup> IH&RA. <http://www.ih-ra.com/> .

<sup>75</sup> Golfsamband Evrópu. [http://www.golfecology.com/comtogrn/com\\_camp.htm](http://www.golfecology.com/comtogrn/com_camp.htm) (22. apríl 2000).



**Mynd 11. Merki *Committed to Green*,  
umhverfisverkefnið Gólf sambands Evrópu<sup>76</sup>**

#### 4.3.6 KRAV

KRAV er sænskt félag, sem vottar lífræn matvæli í samræmi við reglur Evrópusambandsins og kröfur IFOAM, alþjóðalþjóðasamtaka um lífrænan landbúnað. Starfsemin hófst á árinu 1985. Sænsk veitingahús og mótuneyti geta fengið KRAV-merkið ef þau uppfylla tilteknar viðmiðunarreglur. Veitingahús þurfa að bjóða upp á minnst tvo KRAV-merкта rétti á matseðli,<sup>77</sup> og mótuneyti þurfa að hafa KRAV-merktan aðalrétt minnst einu sinni í viku. Á þriðja hundrað matsölustaða og mótuneyta í Svíþjóð hafa fengið vottun KRAV.<sup>78</sup> Ekki er vitað um önnur vottunarkerfi sem votta lífræna matsölustaði. Fleiri kerfi af þessu tagi hafa þó gefið út sérstakar leiðbeiningar til veitingahúsa og mótuneyta um meðhöndlun og markaðssetningu lífrænna matvæla. Dæmi um slíkt er danska *rauða Ø-merkið*, sem er í umsjá danska matvæla-, landbúnaðar- og fiskveiðaráðuneytisins.<sup>79</sup>



**Mynd 12. Sænska KRAV-merkið<sup>80</sup>**

#### 4.3.7 Bra Miljöval fyrir fólksflutninga

*Bra Miljöval* er umhverfismerki sænsku náttúruverndarsamtakanna Naturskyddsföreningen. Til eru viðmiðunarreglur fyrir 7 flokka vöru og þjónustu, sem greinast í nokkra fleiri undirflokk. Einn þessara 7 flokka er flutningar, annars vegar á fólki og hins vegar á vörum. Kröfur vegna fólksflutninga ná meðal annars til orkunýtingar farartækja og útstreymis frá þeim, en viðkomandi rekstraraðilar þurfa einnig að hafa tilbúna áætlanir um úreldingu ónýtra tækja ofl. Tólf sænsk fólksflutningafyrirtæki hafa fengið einn eða fleiri hluta af starfsemi sinni vottaða með *Bra Miljöval* merkinu.<sup>81</sup>

<sup>76</sup> Gólf samband Evrópu. <http://www.golfecology.com/comtogrn/cg.htm>.

<sup>77</sup> KRAV-merktur réttur þarf alla jafna að innihalda a.m.k. 95% KRAV-vottað hráefni.

<sup>78</sup> KRAV. <http://www.krav.se/katalog/restaurang/index.htm> (25. apríl 2000).

<sup>79</sup> Ministeriet for Fødevarer, Landbrug og Fiskeri, Veterinær- og Fødevederedirektoratet. *Vejledning om økologikontrol af storkøkkener*. Kaupmannahöfn, 1999.

<sup>80</sup> KRAV. <http://www.krav.se/PL/Index.htm> (25. apríl 2000).

<sup>81</sup> Naturskyddsföreningen. <http://www.snf.se/bmv/bmv-register/index.htm> (16. maí 2000).



### Mynd 13. Bra Miljöval, umhverfismerki sænsku náttúruverndarsamtakanna Naturskyddsföreningen<sup>82</sup>

#### 4.3.8 Miljömärk Höga Kusten

Samtökin *Mitt Sverige Turism* standa fyrir verkefninu *Miljömärk Höga Kusten*. Höga Kusten er svæði umhverfis Örnskjöldsvik í Svíþjóð, sem sótt hefur um að komast á veraldararfslista UNESCO. Verkefnið á rætur í írsku BEATHA-verkefninu,<sup>83</sup> og var upphaflega ætlunin að Höga Kusten yrði beinn þátttakandi í því. Vorið 1999 var ljóst að ekki yrði af þeim áformum.<sup>84</sup> Þess í stað eru uppi hugmyndir um að þróa sérstakt vottunarkerfi fyrir áfangastaði, byggt á alþjóðlegum stöðlum.<sup>85</sup>

#### 4.3.9 Green Hotel

Samtök borga á Helsinkisvæðinu, (Helsinki, Vantaa og Espoo), ásamt ferðamálayfirvöldum, ferðamálasamtökum, finnska umhverfisráðuneytinu, finnska utanríkisráðuneytinu og Ferðamálaráði Finnlands, hafa lagt drög að umhverfismerki fyrir hótél, *Green Hotel*. Hugmyndin um *Green Hotel* tengist forystu Finnlands innan Evrópusambandsins síðari hluta ársins 1999 og verkefninu um Helsinki sem menningarborg Evrópu 2000.<sup>86</sup> Undirbúningur hófst árið 1997. Gert var ráð fyrir að merkið yrði í fyrstu aðeins notað á Helsinkisvæðinu, en yrði síðar einnig aðgengilegt fyrir hótél í öðrum norrænum evrópskum menningarborgum, þ.e. í Reykjavík og Björgvin. Úr því varð þó ekki af fjárhagslegum ástæðum. *Green Hotel* merkið er byggt á viðmiðunarreglum sem taka mið af viðmiðunarreglum *Svansins* fyrir hótél og ná til sömu þátta. Reglur *Green Hotel* eru þó ekki eins strangar, þannig að líta má á merkið sem skref í áttina að *Svaninum* eða í átt að vottun skv. ISO 14001 staðlinum. Finnsk hótél hafa sýnt merkinu mikinn áhuga, en ekkert þeirra hefur verið vottað enn sem komið er. Vonast er eftir umsóknnum tveggja fyrstu hótélanna í júnímánuði 2000.<sup>87</sup> Komið hefur fram að merkið henti illa fyrir hótélkeðjur, þar sem það er aðeins aðgengilegt fyrir hótél á Helsinkisvæðinu.

<sup>82</sup> Naturskyddsföreningen. <http://www.snf.se/bmv/index.cfm>.


<sup>83</sup> Sjá kafla 4.1.3.

<sup>84</sup> Johanna Lissinger. *Comparative Study of Recognition Schemes for Destinations: Sweden, Denmark & Norway*. Ritgerð til MSc-prófs í líffræði við vistfræðideild háskólans í Lundi, Svíþjóð, 1999.

<sup>85</sup> Mitt Sverige Turism. <http://www.mittsverigeturism.se/miljo.htm> (16. maí 2000).

<sup>86</sup> *Challenging Diversity. A Review of Environmental Recognition Schemes and Other Sustainable Tourism Activities in the Nordic Countries*. Skýrsla til Norræna Iðnaðarsjóðsins. Rambøll, Danmörku; Helsinki School of Business Economics and Administration (HSEBA), Finnlandi; International Institute for Industrial Environmental Economics (IIIEE), Svíþjóð. Janúar 2000.

<sup>87</sup> Saara Juopperi, Umhverfiseild Helsinkiborgar. Persónulegar upplýsingar, 2. júní 2000.



Mynd 14. Merki *Green Hotel*<sup>88</sup>

#### 4.3.10 Umhverfivottun þjónustufyrirtækja á Gautaborgarsvæðinu

Frá því á árinu 1995 hafa þjónustufyrirtæki á Gautaborgarsvæðinu í Svíþjóð getað fengið umhverfivottun umhverfisskrifstofunnar í Gautaborg. Til verkefnisins var upphaflega stofnað í tengslum við heimsmeistaramótið í frjálsum íþróttum. Viðkomandi fyrirtæki þurfa að uppfylla ýmsar kröfur, svo sem varðandi umhverfisstefnu, framkvæmdaáætlanir, húsnæði, notkun efna, skrifstofur, innkaup, flokkun úrgangs, umbúðanotkun, ferðalög og flutninga, markaðssetningu og umhverfisfræðslu fyrir starfsfólk. Um er að ræða umhverfisstjórnunarkerfi, sem hentar einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem eiga erfitt með að koma sér upp kerfi í samræmi við ISO14001-staðalinn eða EMAS-reglugerðina. Fyrirtæki á öllu Gautaborgarsvæðinu hafa aðgang að kerfinu, allt frá Stenungssund í norðri til Kungsbacka í suðri. Kerfið hefur einnig verið tekið upp á öðrum svæðum í Svíþjóð, þ.e.a.s. í Umeå, Sundsvall, Timrå, Jönköping og í Malmö og Lundi. Þessir staðir hafa með sér samstarf og nota allir vottunarkerfi Gautaborgarsvæðisins.<sup>89</sup> Vottun er veitt til eins árs í senn.

Alls hafa tæplega 130 fyrirtæki á Gautaborgarsvæðinu verið vottuð samkvæmt þessu kerfi, þar af um 50 hótél og veitingastaðir.<sup>90</sup> Sem dæmi um stöðu verkefnisins á öðrum svæðum í Svíþjóð, má nefna að í Jönköping vinna um 40 fyrirtæki eftir þessu kerfi. Tíu þeirra hafa verið vottuð, þar af 5 á árinu 1998 og 5 1999. Þar á meðal eru 3 hótél og einn veitingastaður. Verkefnið tengist Staðardagskrárstarfi sveitarfélagsins.<sup>91</sup>



Mynd 15. Umhverfismerki þjónustufyrirtækja á Gautaborgarsvæðinu. Sama kerfi hefur verið tekið í notkun á nokkrum öðrum stöðum í Svíþjóð.<sup>92</sup>

<sup>88</sup> *Challenging Diversity. A Review of Environmental Recognition Schemes and Other Sustainable Tourism Activities in the Nordic Countries.* Skýrsla til Norræna Iðnaðarsjóðsins. Rambøll, Danmörku; Helsinki School of Business Economics and Administration (HSEBA), Finnlandi; International Institute for Industrial Environmental Economics (IIIEE), Svíþjóð. Janúar 2000.

<sup>89</sup> Göteborgs Miljöförvaltning. <http://www.miljo.goteborg.se/> (16. maí 2000).


<sup>90</sup> Göteborgs Miljöförvaltning. <http://www.miljoinfo.goteborg.se/logos/anpass2.htm> (16. maí 2000).

<sup>91</sup> Jönköpings kommun. <http://www.jonkoping.se/mhf/miljodipl.html> (16. maí 2000).

<sup>92</sup> Miljöförvaltningen Malmö. <http://www.miljo.malmo.se/miljodip.htm>.

#### 4.3.11 Svenska Kursgårdar Miljödiplom

Svenska Kursgårdar er keðja sænskra ferðaþjónustuaðila sem bjóða upp á gistingu, ráðstefnuaðstöðu o.s.frv. í nánum tengslum við náttúru og sögu viðkomandi svæðis. Aðilar innan keðjunnar sem standast ákveðnar umhverfiskröfur fá sérstaka umhverfsvottun samtakanna, svonefnda *Svenska Kursgårdar Miljödiplom*. Kröfurnar snúast m.a. um gerð hráefna og hreinsiefna, meðhöndlun úrgangs, orkunýtingu og vatnsnotkun. Alls hafa 78 aðilar fengið þessa vottun.<sup>93</sup>



Mynd 16. Svenska Kursgårdar Miljödiplom<sup>94</sup>

#### 4.3.12 Umhverfsvottun sænska hestaíþróttasambandsins

Sænska hestaíþróttasambandið, (Svenska Ridsportförbundet) vottar umhverfisstarf þeirra aðildarfélaganna sem uppfylla tilteknar umhverfiskröfur. Þrjú aðilar hafa fengið slíka vottun.<sup>95</sup> Um er að ræða nokkurs konar sérhannað umhverfisstjórnunarkerfi fyrir hestaíþróttafélög. Til að hljóta vottun þurfa félögin m.a. að hafa skýra umhverfisstefnu ásamt áætlun um hvernig stefnunni verði framfylgt og hvenær settum markmiðum verði náð.

#### 4.3.13 Umhverfsvottun hótela í Borlänge

Sveitarfélagið Borlänge í Svíþjóð vottar umhverfisstarf gististaða á svæðinu í tengslum við Staðardagskrárstarf sveitarfélagsins.<sup>96</sup> Verkefnið hófst árið 1995 og er byggt á fyrirmynd frá Gautaborg.<sup>97</sup>

#### 4.3.14 Evrópublómið fyrir gististaði

Rætt hefur verið um að breyta reglugerðinni um Evrópska umhverfismerkið (*Evrópublómið*) þannig að hægt verði að votta þjónustu, t.d. gistiþjónustu. Hingað til hefur reglugerðin aðeins náð til framleiðsluvöru. Samþykktar hafa verið viðmiðunarreglur fyrir 15 slíka vöruflokka.<sup>98</sup> Á árinu 1999 voru haldnir nokkrir vinnufundir um málið, og í janúar 2000 var ætlunin að hrinda af stað könnun á kostum þess og göllum að gera þær breytingar sem þarf til að ferðaþjónustan eigi kost á

<sup>93</sup> Svenska Kursgårdar. <http://www.svenska-kursgardar.se/default.asp?bild=1> (16. maí 2000).

<sup>94</sup> Sama.

<sup>95</sup> Svenska Ridsportförbundet. <http://www.ridsport.se/miljodiplom2.htm> (16. maí 2000).

<sup>96</sup> Borlänge kommun. <http://www.borlange-energi.se/agenda21/> (16. maí 2000).

<sup>97</sup> *Challenging Diversity. A Review of Environmental Recognition Schemes and Other Sustainable Tourism Activities in the Nordic Countries*. Skýrsla til Norræna Iðnaðarsjóðsins. Rambøll, Danmörku; Helsinki School of Business Economics and Administration (HSEBA), Finnlandi; International Institute for Industrial Environmental Economics (IIIEE), Svíþjóð. Janúar 2000.

<sup>98</sup> Evrópusambandið. <http://europa.eu.int/comm/environment/ecolabel/prodgr.htm> (16. maí 2000).

vottun *Evrópublómansins*. Gert er ráð fyrir að fyrstu niðurstöður könnunarinnar liggi fyrir í júlí 2000.<sup>99</sup>



Mynd 17. Evrópublómíð, umhverfismerki Evrópusambandsins<sup>100</sup>

#### 4.3.15 Ylläs-Levi

Ylläs og Levi eru meðal stærstu skíðasvæða í finnska hluta Lapplands. Þar eru uppi hugmyndir um að þróa umhverfisvottunarkerfi fyrir áfangastaði ferðamanna. Báðir staðirnir tilheyra sveitarfélaginu Kolari, sem hefur unnið að málinu í samvinnu við finnska umhverfisráðuneytið, Háskólann í Lapplandi og fleiri aðila.<sup>101</sup>

## 5. VOTTUN Í ÍSLENSKRI FERÐAÞJÓNUSTU

Í þessum kafla verður gerð stutt grein fyrir því starfi sem unnið hefur verið hérlandis í tengslum við vottun vistvænnar ferðaþjónustu. Fæst þessara verkefna hafa þó haft vottun að markmiði. Upptalningin er engan veginn tæmandi. Auk þeirra verkefna sem hér eru nefnd, eru m.a. í undirbúningi 2-3 norræn verkefni með þátttöku Íslands, þar sem fjallað er um umhverfismál ferðaþjónustunnar á Norðurlöndunum eða á Norðurheimskautssvæðinu.

### 5.1 UMHVERFISVÆN FERÐAÞJÓNUSTA Á SUÐURLANDI

Á árunum 1994-1997 var gerð tilraun til að koma á vottunarkerfi fyrir umhverfissvæna ferðaþjónustu á Suðurlandi.<sup>102</sup> Unnið var að þessu verkefni undir merkjum átaksins „Hreint Suðurland“, og var verkið vistað hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Haft var samráð við umhverfisráðuneytið, Hollustuvernd ríkisins, Manneldisráð, Flugleiðir, umhverfissamtök og fleiri aðila. Verkefninu lauk haustið 1997.

### 5.2 VISTHÆF FERÐAMENNSKA Á NORÐURLÖNDUM

Á árinu 1998 lauk norrænu verkefni, *Visthæf ferðamennska á Norðurlöndum*, sem hafði það að markmiði „að gera tillögur um framtíðarþróun visthæfrar ferðamennsku“.<sup>103</sup> Í verkefninu voru skoðaðar nokkrar skipulagðar ferðir „og þær

<sup>99</sup> Evrópusambandið. <http://europa.eu.int/comm/environment/ecolabel/tourism.htm> (16. maí 2000).

<sup>100</sup> Grøn information. <http://www.greeninfo.dk/maerker/mfolder.htm#EU-blomsten>.

<sup>101</sup> *Challenging Diversity. A Review of Environmental Recognition Schemes and Other Sustainable Tourism Activities in the Nordic Countries*. Skýrsla til Norræna Iðnaðarsjóðsins. Rambøll, Danmörku; Helsinki School of Business Economics and Administration (HSEBA), Finnlandi; International Institute for Industrial Environmental Economics (IIIEE), Svíþjóð. Janúar 2000.

<sup>102</sup> Birgir Þórðarson, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Persónulegar upplýsingar, 17. mars 1999.

<sup>103</sup> Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl. *Ekoturism i Norden. Eksempel från Island, Norge, Sverige och Finland*. Nord 1998:13. Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn, 1998.

metnar á grundvelli krafna um visthæfa ferðamennsku“.<sup>104</sup> Þar var stuðst við viðmiðunarreglur WWF (10 boðorð) fyrir visthæfa ferðamennsku.<sup>105</sup>

### 5.3 FÍN ECO

Á árunum 1997-1998 tóku 2 fyrirtæki í Skaftárhreppi, 2 fyrirtæki í uppsveitum Árnessýslu og fyrirtækið Íslenskir fjallaleiðsögumenn þátt í norrænu verkefni undir yfirskriftinni *FÍN eco*.<sup>106</sup> Tilgangur verkefnisins var að aðstoða lítil fyrirtæki í dreifbýli við að sveigja reksturinn til umhverfisvænni vegar. Áformað var að gefa út leiðbeiningahandbók í lok verkefnisins, en af því hefur ekki orðið.<sup>107</sup>

### 5.4 FERÐAÞJÓNUSTA TIL FRAMTÍÐAR

Á árunum 1997-1999 tóku nokkur íslensk ferðaþjónustufyrirtæki þátt í norrænu umhverfisverkefni undir handleiðslu Iðntæknistofnunar undir yfirskriftinni *Ferðaþjónusta til framtíðar*. Tilgangur verkefnisins var að aðstoða fyrirtæki í ferðaþjónustu við að taka upp umhverfisvæna starfshætti, þ.e.a.s. að greina tækifæri sem fyrirtækin höfðu til úrbóta á umhverfissviðinu og að stuðla að því að slíkar úrbætur kæmst til framkvæmda. Verkefnið var einkum ætlað litlum fyrirtækjum. Í upphafi tóku nokkur færeysk ferðaþjónustufyrirtæki þátt í starfinu, en ekkert þeirra fylgdi verkefninu eftir til enda. Alls hófu 25 íslensk fyrirtæki þátttöku, og luku 7 þeirra því verki sem að var stefnt. Ekki var um að ræða neina vottun í tengslum við þetta verkefni.<sup>108</sup>

### 5.5 ÞÁTTTAKA Í GREEN GLOBE 21

Eins og fram kemur frammar í þessari skýrslu, hafa þrjár einingar ferðaþjónustunnar á Hellnum í Snæfellsbæ gerst þátttakendur í *Green Globe 21* verkefninu fyrir einstök fyrirtæki. Í mars 2000 fengu þessar einingar leyfi til að nota merki *Green Globe 21*, og er stefnt að vottun innan tveggja ára.

## 6. NIÐURSTÖÐUR OG SAMANTEKT

Miðað við þann fjölda vottunarkerfa sem eru í notkun hjá norrænum ferðaþjónustufyrirtækjum, er engan veginn hægt að mæla með þróun á séríslensku merki á þessu sviði. Jafnvel þótt takast mætti að kynna slíkt merki innanlands, eru hverfandi líkur á að það yrði nokkurn tímann þekkt eða viðurkennt erlendis. Þvert á móti myndi það væntanlega auka á þann rugling sem þegar er til staðar meðal ferðamanna og þeirra sem skipuleggja ferðir í þennan heimshluta.

Flest vottunarkerfi hafa stuttan líftíma. Mörg þeirra hafa tilheingingu til stöðnunar eftir að hafa verið í notkun í 2-3 ár. Þá er nýjabrumið farið af og áhugi viðskiptavina minnkar. Um leið hætta kerfin að höfða til þeirra sem skipuleggja ferðir, og vottuð

<sup>104</sup> Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl. *Ekoturism i Norden. Eksempel från Island, Norge, Sverige och Finland*. Nord 1998:13. Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn, 1998.

<sup>105</sup> WWF (World Wide Fund for Nature). *WWF och turismen, miljöanpassad turism & ekoturism*. WWF, Stokkhólm, 1995.

<sup>106</sup> FÍN = Finnland, Ísland og Noregur

<sup>107</sup> Jóhanna B. Magnúsdóttir, Mosfellsbæ. Persónulegar upplýsingar, 30. maí 2000.

<sup>108</sup> Jón Ágúst Reynisson, Verkfræðistofunni Snertli. Persónulegar upplýsingar, 16. maí 2000.

fyrirtæki eða áfangastaðir finna naumast lengur ástæðu til að viðhalda vottuninni. Fæst vottunarkerfi eru því sjálfbær, ef svo má að orði komast.

Meginmarkmiðið með umhverfisvottun í ferðaþjónustu hlýtur alltaf að vera nálgun við sjálfbæra þróun, þ.e. viðleitni til að tryggja að komandi kynslóðir, jafnt ferðamenn sem aðrir, geti notið þeirra gæða sem ferðamannastaðir hafa upp á að bjóða. Einstök ferðaþjónustufyrirtæki á tilteknum áfangastöðum, svo sem hótél og veitingastaðir, geta verið umhverfismerkt „í bak og fyrir“, enda þótt verið sé að leggja viðkomustaðinn sjálfan í rúst á sama tíma með því að „njóta“ þeirra gæða sem þar er að finna, svo sem sjaldgæfra plöntutegunda eða viðkvæmra jarðmyndana, langt umfram það sem þolmörk svæðisins leyfa. Til að nálgast markmiðið um sjálfbæra þróun þarf því að leggja áherslu á umhverfisvottun áfangastaðarins í heild, fremur en vottun einstakra eininga. Slík vottun er þó eftir sem áður afar mikilvægur þáttur í að bæta umhverfislega frammistöðu ferðaþjónustunnar á svæðinu.

Aðeins tvö fyrirtæki á Íslandi, ÍSAL og Borgarplast, hafa komið sér upp vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001 staðlinum. Slík kerfi eru af flestum talin óhentug og kostnaðarsöm fyrir smærri fyrirtæki, en nær öll ferðaþjónustufyrirtæki á Íslandi hljóta að falla undir þá skilgreiningu. Stærstu fyrirtækin ættu þó að huga að kostum þess að koma sér upp vottuðu kerfi af þessu tagi (ISO 14001 eða EMAS). Líta má á nokkur þeirra vottunarkerfa sem kynnt eru í þessari skýrslu, sem nokkurs konar smækkaða mynd af ISO 14001, þannig að þar ættu að leynast raunhæfir valkostir fyrir smærri fyrirtækin. Sérstaklega ber þó að íhuga trúverðugleika slíkra kerfa áður en ákvarðanir eru teknar.

Af þeim fjórum kerfum fyrir áfangastaði, sem tilgreind eru í kafla 4.1, er *Green Globe 21* það eina sem náð hefur einhverri útbreiðslu á alþjóðlegum vettvangi. *Destination 21* er athyglisvert kerfi, sem er enn í þróun. Kerfið hefur sterkan bakgrunn, og má telja líklegt að það nái fótfestu í Danmörku, hvort sem það stendur eitt og sér eða tekur upp náðið samstarf við önnur kerfi. Flest bendir til að *BEATHA* kerfið eigi á brattann að sækja. Þar er þróunarvinnu um það bil að ljúka, en ekki hefur tekist að flytja hugmyndina út frá Írlandi þar sem hún er upprunnin. *GRIP* býður ekki upp á vottun, en leiðbeiningarrit *GRIP* senter geta orðið íslenskri ferðaþjónustu að miklu gagni, hvort sem um er að ræða væntanlegan leiðarvísi fyrir áfangastaði, eða leiðbeiningarrit fyrir einstakar greinar ferðaþjónustunnar.

*Svanurinn* hefur víska sérstöðu meðal kerfa fyrir einstakar greinar, sem kynnt eru í kafla 4.2. *Svanurinn* var fyrsta fjölþjóðlega umhverfismerkið, og hefur á 10 ára ferli haldið stöðu sinni sem eitt af 3-4 virtustu umhverfismerkjum í heimi. Merkið er mjög vel þekkt á Norðurlöndunum, og einnig víðar í Evrópu þar sem umhverfisvitund er mikil. *Svanurinn* hefur hins vegar takmarkað gildi varðandi umhverfisvottun ferðaþjónustu, þar sem hótél eru einu rekstrareiningarnar sem viðmiðunarreglur hafa verið samþykktar fyrir. Þær raddir heyrast einnig að reglurnar séu óþarflega strangar og henti e.t.v. ekki íslenskum aðstæðum. Í þessu sambandi ber þó að hafa í huga, að viðmiðunarreglur umhverfismerkja af ISO gerð 1 þurfa að vera það strangar, að aðeins um 30% vöru eða þjónustu í viðkomandi flokki geti uppfyllt þær. Hvað íslenskar aðstæður varðar, má spyrja að hve miklu leyti íslensk ferðaþjónusta hafi reynt að hafa áhrif á innihald reglnanna.

*Græni lykillinn* hefur náð mikilli útbreiðslu í Danmörku. Merkið nýtur trausts, og stendur í aðalatriðum jafnfætis *Svaninum* að mati umhverfisstofnunar danska ríkisins.<sup>109</sup> Fram til þessa hefur merkið aðeins verið í notkun í heimalandinu, en með nýjum fréttum um samstarf kerfisins við *Green Globe 21* virðast opnast nýir möguleikar varðandi notkun merkisins á öðrum Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum. Ekki ætti að ganga út frá því sem vísu að auðveldara sé að uppfylla kröfur *Græna lykilsins* en *Svansins*. Í sumum atriðum kunna þær jafnvel að ganga lengra ef marka má dönsk viðhorf. Gagnlegt væri að bera einstaka þætti kerfanna saman miðað við íslenskar aðstæður, og sjálfsagt er að fylgjast grannt með þróun samstarfsins milli *Græna lykilsins* og *Green Globe 21*. Sömuleiðis er ástæða til að fylgjast með þróun finnska *Green Hotel* kerfisins, en í andráníni virðist þó fátt benda til að það nái að festa rætur. Þá er sjálfsagt að fylgjast náið með þróun *Evrópublómsins* og þeim hugmyndum sem þar eru uppi um vottun gististaða. *Evrópublómið* hefur reynst fremur þungt í vöfum, og útbreiðsla þess hæg. Nái það hins vegar fótfestu er þess að vænta að staða þess verði mjög sterk í evrópsku og alþjóðlegu samhengi.

*Green Globe 21* á meira skylt við umhverfisstjórnunarkerfi en *Svanurinn* og *Græni lykillinn*, sem hvoru tveggja eru fyrst og fremst umhverfismerki. Kerfið hefur þann kost að vera alþjóðlegt og nýtast fleiri ferðapjónustufyrirtækjum en eingöngu gististöðum.

*Blái fáninn* er vel þekkt, virt og útbreitt merki með skýrar og afmarkaðar viðmiðunarreglur. Merkið hefur þó ekki afgerandi gildi í íslenskri ferðapjónustu, þar sem lítið er um það stendur og smábátahafnir fyrir ferðamenn.

*Miljöfyrtárn* er gott dæmi um vel heppnað staðbundið merki. Tengsl þess við Staðardagskrárstarf sveitarfélaga eru mikilvæg og til þess fallin að auka trúverðugleikann. Hins vegar virðast kröfur merkisins ekki mjög strangar. Ekki er hægt að mæla með þróun svo staðbundins merkis við íslenskar aðstæður. Umhverfisstofnun fyrirtækja á Gautaborgarsvæðinu er að mörgu leyti svipað dæmi, en það kerfi hefur náð allnokkurri útbreiðslu í Svíþjóð. Ástæða er til að kanna nánar hugsanlega möguleika á samstarfi og innflutningi kerfisins til Íslands.

Íslendingar hafa ekki verið virkir í starfi *Baltic 21*. Þar er þó á ferðinni umfangsmikil fjölþjóðleg áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndunum og öðrum löndum umhverfis Eystrasaltið. Íslendingar ættu að taka vaxandi þátt í þessu starfi og nýta sér þá stefnumótunarvinnu sem þar hefur þegar farið fram í málefnum ferðapjónustunnar.

Ástæða er til að huga að möguleikum veitingastaða til að fá vottun á þann hluta veitinganna sem eru af lífrænt ræktuðum uppruna. Nærtækt er að líta til reynslu Svía í þessu sambandi, en sænska KRAV-merkið er í fararbroddi hvað þetta varðar. Vottunarstofan Tún ehf. vottar um 70% lífrænnar framleiðslu á Íslandi,<sup>110</sup> og væri áhugavert að kanna möguleika ferðapjónustunnar á samstarfi við stofuna um vottun

<sup>109</sup> Svend Auken, umhverfisráðherra Danmerkur. Svar við fyrirspurn í danska þinginu, nr. 537 24. september 1999. [http://www.folketinget.dk/Samling/19991/udvbilag/MPU/Almdel\\_bilag103.htm](http://www.folketinget.dk/Samling/19991/udvbilag/MPU/Almdel_bilag103.htm) (1. nóvember 1999).

<sup>110</sup> Ólafur R. Dýrmondsson og Hákon Sigurgrímsson. *The Production, Control and Marketing of Organics in Iceland*. Nordic Meeting on Control Systems for Agriculture. Tune, Danmörku, 18.-20. maí 1998.

veitingastaða að sænskri fyrirmynd. Að sjálfsögðu er Tún ehf. mjög smár aðili í alþjóðlegu samhengi, en vottun lífrænna matvæla er frábrugðin annarri umhverfisvottun m.a. að því leyti að flestar helstu vottunarstofur, þar á meðal Tún og KRAV, starfa eftir samræmdum reglum Evrópusambandsins og alþjóðlegra samtaka um lífrænan landbúnað, (IFOAM, (International Federation for Organic Agricultural Movements)). Þar með er áreiðanleiki merkjanna tryggður þrátt fyrir smæð þeirra.

Frumkvæði sænsku náttúruverndarsamtakanna Naturskyddsforeningen að umhverfisvottun fólksflutninga er athyglisvert. Ástæða er til þess fyrir íslenska ferðaþjónustu að afla frekari upplýsinga um málið og kanna hugsanlega möguleika á samstarfi.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram koma í þessari skýrslu er eftirfarandi lagt til varðandi umhverfisvottun í íslenskri ferðaþjónustu:

## 6.1 TILLÖGUR

### 6.1.1 Almennar tillögur

1. Ekki verði ráðist í þróun séríslenskra vottunarkerfa, hvorki fyrir áfangastaði né einstök ferðaþjónustufyrirtæki.
2. Yfirvöld ferðamála og aðilar í ferðaþjónustu taki virkan þátt í starfi Baltic 21 að ferðamálum, og nýti sér þannig það starf sem þar er unnið.
3. Aðilum í ferðaþjónustu verði séð fyrir tíðum tækifærum til fræðslu um umhverfismerkingar og umhverfisstjórnunarkerfi. Þar á meðal verði kostir vottaðra umhverfisstjórnunarkerfa, einkum skv. ISO14001, kynntir ítarlega.

### 6.1.2 Áfangastaðir

4. Hugað verði sérstaklega að möguleikum á vottun áfangastaða. Til undirbúnings slíkrar vottunar ættu Samtök ferðaþjónustunnar, svæðisbundin samtök ferðaþjónustuaðila eða einstök fyrirtæki í ferðaþjónustu að leita eftir samstarfi við sveitarfélög um virka þátttöku ferðaþjónustunnar í gerð Staðardagskrár 21.
5. Vottun áfangastaða verði byggð á kerfi *Green Globe 21*.

### 6.1.3 Gististaðir

6. *Svanurinn* verði fyrsti valkostur við umhverfisvottun hótela.
7. *Green Globe 21* verði næsti valkostur fyrir hótél, þar sem *Svanurinn* er ekki talinn aðgengilegur, og fyrir gististaði sem falla ekki undir skilgreiningu *Svansins*. Sérstaklega verði fylgst með þróun á samstarfi *Green Globe 21* og *Græna lykilsins*.
8. Fylgst verði með þróun *Evrópublómsins* fyrir gististaði.

#### **6.1.4 Veitingastaðir**

9. *Green Globe 21* verði fyrsti valkostur við umhverfisvottun veitingastaða ef slíkt er á annað borð mögulegt.
10. Kannaðir verði möguleikar á samstarfi við Tún ehf. um vottun veitingastaða sem bjóða upp á lífrænar matvörur.

#### **6.1.5 Fólksflutningar**

11. Kannaðir verði möguleikar á samstarfi við *Bra Miljöval* um umhverfisvottun fólksflutninga.

#### **6.1.6 Golfvellir**

12. Kannaðir verði möguleikar á þátttöku íslenskra golfvalla í *Committed to Green*, umhverfisverkefni Golfsambands Evrópu.

#### **6.1.7 Baðstrendur og smábátahafnir**

13. Þar sem það á við verði leitað eftir vottun skv. *Bláa fánanum*.

#### **6.1.8 Önnur ferðaþjónusta**

14. *Green Globe 21* verði fyrsti valkostur við umhverfisvottun annarrar ferðaþjónustu þar sem slíkt er á annað borð mögulegt.
15. Í samráði við íslensk sveitarfélög verði kannaðir möguleikar á samstarfi við sveitarfélög á Gautaborgarsvæðinu um vottun skv. vottunarkerfi þeirra.

## 7. HEIMILDASKRÁ

### 7.1 PRENTAÐAR HEIMILDIR

1. Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl. *Ekoturism i Norden. Eksempel från Island, Norge, Sverige och Finland.* Nord 1998:13. Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn, 1998.
2. Baltic 21. *An Agenda 21 for the Baltic Sea Region – Baltic 21.* Baltic 21 Series No 1/98. Baltic 21, Stokkhólmi, 1998.
3. *Challenging Diversity. A Review of Environmental Recognition Schemes and Other Sustainable Tourism Activities in the Nordic Countries.* Skýrsla til Norræna Iðnaðarsjóðsins. Rambøll, Danmörku; Helsinki School of Business Economics and Administration (HSEBA), Finnlandi; International Institute for Industrial Environmental Economics (IIIEE), Svíþjóð. Janúar 2000.
4. *Challenging Diversity: new conceptual guidance towards improved environmental performance in the Nordic tourism Industry.* Rannsóknarverkefni. Ráðstefna um niðurstöður, Virum, Danmörku, 3.-4. september 1999.
5. Cooper, Chris; John Fletcher; Stephen Wanhill; David Gilbert og Rebecca Shepherd. *Tourism - Principles and practices.* 2. útg. Longman, 1998.
6. *Council Regulation (EEC) No 1836/93 of 29 June 1993 allowing voluntary participation by companies in the industrial sector in a Community eco-management and audit scheme.* Official Journal of European Communities 10.7.93
7. Green Globe 21. Kynningarefni.
8. GRIP senter. *259 tips for en bedre miljøprofil i hotell- og restaurantbransjen.* GRIP senter for bærekraftig produksjon og forbruk, Osló, 1998.
9. Hamele, Herbert. *Book of Environmental Seals and Eco-labels. Environmental Awards in Tourism; An International Overview of Current Developments.* ECOTRANS, Munchen, 1996.
10. *ISO 14001:1996. Umhverfisstjórnunarkerfi – forskrift ásamt leiðbeiningum um notkun.* 1. útg. Staðlaráð Íslands, sept. 1996.
11. Lissinger, Johanna. *Comparative Study of Recognition Schemes for Destinations: Sweden, Denmark & Norway.* Ritgerð til MSc-prófs í líffræði við vistfræðideild háskólans í Lundi, Svíþjóð, 1999.
12. Mathieson, Alister og Geoffrey Wall. *Tourism: Economic, Physical and Social Impacts.* Longman Scientific & Technical, Essex, 1982.
13. Middleton, Victor og Rebecca Hawkins. *Sustainable tourism; A marketing perspective.* Butterworth-Heinemann, Oxford, 1998.
14. Ministeriet for Fødevarer, Landbrug og Fiskeri, Veterinær- og Fødevedirektoratet. *Vejledning om økologikontrol af storkøkkener.* Kaupmannahöfn, 1999.
15. Ólafur R. Dýrmondsson og Hákon Sigurgrímsson. *The Production, Control and Marketing of Organics in Iceland.* Nordic Meeting on Control Systems for Agriculture. Tune, Danmörku, 18.-20. maí 1998.
16. Pilotprojekt Destination 21. *Kort og godt om Pilotprojekt Destination 21 – et nationalt tiltag til bæredygtig turismeudvikling.* (Bæklingur). Turismens UdviklingsCenter, Kaupmannahöfn, 1999.
17. Pilotprojekt Destination 21. *Working Outline for Pilot Project Destination 21.* (Fjölrit). Turismens UdviklingsCenter, Kaupmannahöfn, 1999.
18. *prEN ISO 14024. Environmental labels and declarations – Type 1 environmental labelling – Principles and procedures.* European Committee for Standardization. Final Draft, Feb. 2000.
19. Samgönguráðuneytið. *Stefnumótun í ferðamálum.* 2. útg. Samgönguráðuneytið, Reykjavík, 1996.
20. The International Hotel Association (IHA); The International Hotels Environment Initiative (IHEI) og United Nations Environment Programme Industry and

- Environment (UNEP/IE). *Environmental Action Pack for Hotels. Practical Steps to benefit your Business and the Environment*. International Hotel Association; The Prince of Wales Business Leader Forum; United Nations Environment Programme Industry and Environment. London, 1995.
21. World Commission on Environment and Development. *Our Common Future*. Oxford University Press, Bretlandi, 1987.
  22. World Wide Fund for Nature. *Linking Tourism and Conservation in the Arctic*. Bæklingur, WWF Arctic Programme.
  23. WTTC (World Travel & Tourism Council), WTO (World Tourism Organization) & Earth Council. *Agenda 21 for the Travel & Tourism Industry – Towards Environmentally Sustainable Development*. 1997.
  24. WWF (World Wide Fund for Nature). *WWF och turismen, miljöanpassad turism & ekoturism*. WWF, Stokkhólmi, 1995.

## 7.2 PERSÓNULEGAR UPPLÝSINGAR

1. Birgir Þórðarson, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. 17. mars 1999.
2. Guðrún Bergmann, Hellnum. Apríl 2000.
3. Jóhanna B. Magnúsdóttir, Mosfellsbæ. 30. maí 2000.
4. Jón Ágúst Reynisson, Verkfræðistofunni Snertli. 16. maí 2000.
5. Lone Lamark, Grip senter, Noregi. 25. apríl 2000.
6. Saara Juopperi, Umhverfiseild Helsinki borgar. 2. júní 2000.
7. Tore Skjenstad, Hollustuvernd ríkisins. 19. maí 2000.

## 7.3 VEFSÍÐUR

1. Baltic 21. <http://www.ee/baltic21/>
2. Blue Flag Campaign: <http://www.blueflag.org/criteria/application.htm>
3. Blue Flag Campaign. [http://www.blueflag.org/main\\_start.htm](http://www.blueflag.org/main_start.htm)
4. Blue Flag Campaign. <http://www.feee.org/html/bgate.htm>
5. Borlänge kommun. <http://www.borlange-energi.se/agenda21/>
6. British Airways. <http://www.british-airways.com/inside/comm/tourism/docs/tourcon.shtml>
7. British Airways. <http://www.british-airways.com/inside/comm/tourism/tourism.shtml>
8. ECO-TIP. <http://www.eco-tip.org/Hotspot/hotspot.htm>
9. Evrópusambandið. <http://europa.eu.int/comm/environment/ecolabel/prodgr.htm>
10. Evrópusambandið. <http://europa.eu.int/comm/environment/ecolabel/tourism.htm>
11. Golfsamband Evrópu. <http://www.golfecology.com/comtogrn/cg.htm>
12. Golfsamband Evrópu. [http://www.golfecology.com/comtogrn/com\\_camp.htm](http://www.golfecology.com/comtogrn/com_camp.htm)
13. Göteborgs Miljöförvaltning. <http://www.miljo.goteborg.se/>
14. Göteborgs Miljöförvaltning. <http://www.miljoinfo.goteborg.se/logos/anpass2.htm>
15. Græni lykillinn. <http://www.dengroennenoegle.dk/danish/index.html>
16. Green Globe 21. <http://www.greenglobe21.com/comfil/members/list/index.htm>
17. Green Globe 21. <http://www.greenglobe21.com/comfil/news/100400/index.htm>
18. Green Globe 21. <http://www.greenglobe21.com/companies/partners/index.htm>
19. Green Globe News. 1. tbl., mars 2000. <http://www.greenglobe21.com/comfil/news/100400/index.htm>
20. Green Globe News. 2. tbl., maí 2000. <http://www.greenglobe21.com/comfil/news/090500/index.htm>
21. GRIP senter. [http://www.grip.no/reiseliv/grip\\_veiledere\\_spesielt\\_for\\_reis.htm](http://www.grip.no/reiseliv/grip_veiledere_spesielt_for_reis.htm)
22. GRIP senter. <http://www.grip.no/reiseliv/GRIP%20og%20reiseliv2.htm>
23. Grøn information. <http://www.greeninfo.dk/maerker/mfolder.htm#EU-blomsten>
24. Hollustuvernd ríkisins. <http://www.hollver.is/>
25. Hollustuvernd ríkisins. *Gjaldskrá nr. 233/1998 um norrænt umhverfismerki*. <http://www.hollver.is/logreglur/g1998-233.html>

26. HORESTA. <http://www.horesta.dk/>
27. IH&RA. <http://www.ih-ra.com/>
28. IH&RA. <http://www.ih-ra.com/awards/awards/>
29. Jönköpings kommun. <http://www.jonkoping.se/mhf/miljodipl.html>
30. KRAV. <http://www.krav.se/katalog/restaurang/index.htm>
31. KRAV. <http://www.krav.se/PL/Index.htm>
32. Miljöförvaltningen Malmö. <http://www.miljo.malmo.se/miljodip.htm>
33. Miljøfyrtårn. <http://www.krkom.no/fyrtaarn/default.htm>
34. Miljøfyrtårn. <http://www.krkom.no/fyrtaarn/Programinfo/Hensikt.htm>
35. Miljøfyrtårn. <http://www.krkom.no/fyrtaarn/Programinfo/Organisering.htm>
36. Miljøfyrtårn. <http://www.krkom.no/fyrtaarn/Programinfo/Resultater.htm>
37. Mitt Sverige Tursim. <http://www.mittsverigeturism.se/miljo.htm>
38. NASC. <http://www.nasc.ie/beatha.htm>
39. Naturskyddsföreningen. <http://www.snf.se/bmv/bmv-register/index.htm>
40. Naturskyddsföreningen. <http://www.snf.se/bmv/index.cfm>
41. *Reglugerð nr. 321/1996 um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB.*  
<http://www.hollver.is/logreglur/r1996-321.html>
42. SIS Miljömärkning AB. *Nordisk miljömärkning. Miljömärkning av Hotell. Kriteriedokument 1 oktober 1999 – 30 september 2002. Version 1.1.*  
<http://www.svanen.nu/DocNord/072.pdf>
43. SIS Miljömärkning AB. Nyheter/Rapporter.  
<http://www.svanen.nu/News/RicaHotell.htm>
44. SIS Miljömärkning AB. *Regler för Nordisk miljömärkning av produkter.*  
<http://www.svanen.nu/docpdf/Regelverk.pdf>
45. Stiftelsen Miljømerking. Pressemeldinger. <http://www.ecolabel.no>
46. Svend Auken, umhverfisráðherra Danmerkur.  
Svar við fyrirspurn í danska þinginu, nr. 537 24. september 1999.  
[http://www.folketinget.dk/Samling/19991/udvtilag/MPU/Almdel\\_bilag103.htm](http://www.folketinget.dk/Samling/19991/udvtilag/MPU/Almdel_bilag103.htm)
47. Svenska Kursgårdar. <http://www.svenska-kursgardar.se/default.asp?bild=1>
48. Svenska Ridsportförbundet. <http://www.ridsport.se/miljodiplom2.htm>
49. WTTC. <http://www.wttc.org/agenda21.htm>
50. WWF. <http://www.panda.org/resources/inthefield/arctic/>

## VIÐAUKI 1: GRUNDVALLARREGLUR SJÁLFBÆRRAR FERÐAMENNSKU

### A. Tíu grundvallarreglur WWF fyrir sjálfbæra ferðamennsku:<sup>111</sup>

1. **Að nýta auðlindir með sjálfbærum hætti.** Verndun og sjálfbær nýting auðlinda – náttúrulegra, félagslegra og menningarlegra – eru grundvallaratriði og skynsamleg með langtímahagsmuni í huga.
2. **Að draga úr ofnýtingu og mengun.** Samdráttur í ofneyslu og mengun leiðir til þess að komast má hjá kostnaði við að bæta langtíma umhverfisskaða og bætur gæði ferðaþjónustunnar.
3. **Að varðveita fjölbreytni.** Til að ferðamennska verði sjálfbær til langs tíma er nauðsynlegt að varðveita og stuðla að náttúrulegri, félagslegri og menningarlegri fjölbreytni. Það leggur varanlegan grunn að aðkomu atvinnugreinarinnar.
4. **Að samþætta ferðamennsku og skipulagsáætlanir.** Ferðaþjónusta, sem fellur inn í ramma skipulagsáætlana, staðbundið og á landsvísu, og sem lýtur mati á umhverfisáhrifum, eykur langtímamöguleika ferðaþjónustunnar.
5. **Að styðja efnahag heimabyggðar.** Ferðaþjónusta, sem styður við hvers konar viðleitni til að styrkja efnahag viðkomandi svæðis – og tekur umhverfiskostnað og umhverfisleg gildi með í reikninginn – verndar þessi hagkerfi og kemur einnig í veg fyrir umhverfisskaða.
6. **Að starfa með heimamönnum.** Full þátttaka hins staðbundna samfélags í ferðaþjónustugeiranum gangast ekki aðeins heimamönnum og umhverfinu almennt, heldur eykur einnig á gæði þeirrar reynslu sem ferðamennirnir öðlast.
7. **Að hafa samráð við hagsmunaaðila og almenning.** Samráð milli ferðaþjónustunnar og almennings, samtaka og stofnana á viðkomandi svæði er nauðsynleg ef þessum aðilum á að takast að vinna hlið við hlið og komast hjá hugsanlegum hagsmunaaðrekstrum.
8. **Að þjálfa starfsfólk.** Stöðug þjálfun starfsfólks, þar sem sjálfbær ferðaþjónusta er fléttuð saman við almennt verklag, eykur gæði ferðaþjónustunnar.
9. **Að markaðssetja ferðaþjónustuna með ábyrgum hætti.** Markaðsstarf, sem veitir ferðamönnum aðgang að ítarlegum og ábyrgum upplýsingum, eykur virðinguna fyrir hinu náttúrulega, félagslega og menningarlega umhverfi áfangastaða og stuðlar að ánægju viðskiptavinanna.
10. **Að stunda rannsóknir.** Stöðugar rannsóknir og eftirlit af hálfu ferðaþjónustugeirans, byggt á árangursríkri gagnaöflun og úrvinnslu, eru grundvallaratriði til að stuðla að lausn vandamála og til að bæta hag áfangastaða, atvinnugreinarinnar og neytenda.

---

<sup>111</sup> WWF (World Wide Fund for Nature). *WWF och turismen, miljöanpassad turism & ekoturism.* Stokkhólmi, Svíþjóð, 1995.

**B. Tíu mikilvægustu þættirnir sem ferðaþjónustan verður að tileinka sér til þess að komast á braut sjálfbærrar þróunar:<sup>112</sup>**

1. Að halda úrgangi í lágmarki, endurnýta og endurvinna sem mest.
2. Að spara orku og draga úr mengun.
3. Að halda vatni hreinu og koma í veg fyrir óþarfa notkun þess.
4. Að hreinsa frárennsli og draga úr mengun.
5. Að nota vistvæn efni í stað efna sem eru skaðleg umhverfinu.
6. Að vinna gegn hættulegum útblæstri vélknúinna farartækja og öðrum neikvæðum áhrifum sem þau hafa á umhverfið.
7. Að skipuleggja landnýtingu og forðast skemmdir á landi.
8. Að stuðla að aukinni umhverfisvitund starfsmanna, viðskiptavina og samstarfsaðila á viðkomandi stöðum.
9. Að skipuleggja ferðir sem stuðla að vistvænni nýtingu, menga sem minnst, falla að aðstæðum í viðkomandi héraði og nýta tækni sem þjónar þessum tilgangi og er aðgengileg á alþjóðlegum vettvangi.
10. Að vinna með heimamönnum, ferðamönnum, smáfyrirtækjum, atvinnulífinu, sveitarfélögum og ríkisstjórn.

---

<sup>112</sup> WTTC (World Travel & Tourism Council), WTO (World Tourism Organization) & Earth Council. *Agenda 21 for the Travel & Tourism Industry – Towards Environmentally Sustainable Development*. 1997. (Íslensk þýðing: Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl. *Ekoturism i Norden. Eksempel från Island, Norge, Sverige och Finland*. Nord 1998:13. Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn, 1998. (Bl. 16)).